

Fornleifaskráning á Hengilssvæðinu II:

Fornleifar í landi Nesjavalla og Ölfusvatns

Orri Vésteinsson

**Árbæjarsafn
Fornleifastofnun Íslands
FS036-97012**

Reykjavík 1997

Efnisyfirlit

1. Kafli. Inngangur.....	4
2. Kafli. Um fornleifaskráningu.....	5
Lögbundin skilgreining á fornleifum.....	7
Um aðalskráningu fornleifa.....	8
3. Kafli. Fyrri fornleifathuganir á Ölfusvatni.....	11
4. Kafli. Aðalskráning fornleifa 1997.....	14
ÁR-474 Nesjavellir.....	16
ÁR-475 Ölfusvatn.....	26
5. Kafli Niðurstöður.....	51
Heimildaskrá.....	54
Heimildamenn.....	54
Ritaðar heimildir.....	54

Uppdrættir

Kort 1. Yfirlitskort af helstu minjastöðum í landi Ölfusvatns.....	12
Kort 2. Yfirlitskort af helstu minjastöðum í landi Nesjavalla.....	17
Kort 3. Minjastaðir í nyrsta hluta Ölfusvatnslands.....	27
Kort 4. Bæjarstæði og minjar í túni á Ölfusvatni.....	29

1. Inngangur

Snemma árs 1997 hófst vinna við fornleifaskráningu á jörðum Reykjavíkurborgar á Hengilssvæðinu. Gerð var áætlun um fornleifaskráningu í landi Nesjavalla, Ölfusvans, Úlfljótsvatns, Kolviðarhóls auk afréttarlanda í Henglinum sem tilheyra Ölfushreppi. Áætlað er að á árunum 1997-99 verði lokið við fornleifaskráningu á þessu svæði og útfærðar tillögur um frágang og kynningu einstakra minjastaða. Í fyrsta áfanga, sem lýkur með þessari skýrslu, var gerð heimildakönnun um fornleifar á Hengilssvæðinu og var gerð sérstök skýrsla um hana sem út kom í apríl 1997.¹ Í þeirri skýrslu eru birtar upplýsingar um 375 minjastaði og auk þess ítarleg úttekt á sögu byggðar á svæðinu í heild. Á grunni heimildakönnunar var síðan gerð vettvangsathugun á öllum minjastöðum í landi Nesjavalla og Ölfusvatns í júní 1997. Skráðir voru 70 staðir og er afrakstur þeirrar vinnu birtur í þessari skýrslu.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.² Hér er að finna yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskráningu í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknnum á skráningarsvæðinu (3. kafli) og birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru 1997 (4. kafli). Í niðurstöðukafla eru dregin saman meginþætti byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu og setta fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Stofnanir Reykjavíkurborgar standa fyrir fornleifaskráningu á Hengilssvæðinu. Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur greiddu kostnað við heimildakönnun á svæðinu öllu en Hitaveitan greiddi ein fyrir vettvangsathuganir í landi Nesjavalla og Ölfusvatns. Árbæjarsafn hefur umsjón með verkinu fyrir hönd Reykjavíkurborgar en framkvæmd þess er í höndum Fornleifastofnunar Íslands. Við skráninguna vr beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið af Fornleifastofnun Íslands frá 1989 að telja. Heimildakönnun var unnin af Birnu Gunnarsdóttur og sömdu hún og Orri Vésteinsson skýrslu um hana. Vettvangsathuganir voru gerðar af Orri Vésteinssyni en Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson veittu honum fulltingi í fjallgöngum og Adolf skráði auk þess nokkra staði í

¹ Birna Gunnarsdóttir & Orri Vésteinsson, *Meningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfljótsvatns*, Árbæjarsafn & Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1997.

² Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

Ölfusvatnslandi. Höfundur vill færa samstarfsfólki sínu og heimildamönnum bestu þakkir og einnig Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Eggerti Lárussyni hjá Hitaveitu Reykjavíkur og Margréti Hallgrímsdóttur borgarminjaverði.

2. Kafli *Um fornleifaskráningu*

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildauittekkt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu

fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í Þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé >að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...= Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornleifaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornleifaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt Þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Lögbundin skilgreining á fornleifum

Í næsta kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki aðalskráningu fornleifa. Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við

fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og

mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstýrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

Um aðalskráningu fornleifa

Yfirleitt er lagt til að heil héruð, sýslur eða landshlutar sameinist um að láta gera svæðisskráningu en það er ódýrasta leiðin til að fá yfirlit um menningarminjar og afla þeirra heimilda sem nauðsynlegar eru við aðalskráningu eða vettvangsvinnu. Á grunni þeirra upplýsinga sem safnað var er síðan farið á vettvang, viðtöl tekin við bændur og minjastaðir skoðaðir og staðsettir á korti. Á grunni þeirra upplýsinga er síðan rituð skýrsla þar sem gerð er nákvæm grein fyrir sögu mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarminja og gerðar ákveðnar tillögur um verndun og kynningu. Markmið aðalskráningar eru þau sömu og svæðisskráningar en niðurstöðu verða mun markvissari á grunni fleiri og nákvæmari gagna.

Aðalskráningu má skipta í 5 stig og verður þeim lýst stuttlega hér:

1. Á svæðum þar sem svæðisskráning hefur verið gerð er hægt að ráðast beint í vettvangsvinnu á stigi aðalskráningar. Þó eru á þessu stigi athugaðar heimildir sem tengjast skráningarsvæðinu sérstaklega. Er þar t.a.m. um að ræða ævisögur fólks sem alist hefur upp á bæjum í sveitinni, en þær geyma oft nákvæmar upplýsingar um bæjarhús og tóftir sem nú eru löngu horfnar undir tún, vegi eða byggingar.
2. Að heimildaöflun lokinni eru tekin viðtöl við ábúendur eða aðra staðkunnuga. Markmið með viðtölum er að endurskoða þær upplýsingar sem þegar hefur verið safnað, fá upplýsingar um nýja staði og síðan leiðsögn um viðkomandi landareign.
3. Á grunni heimilda og viðtala er síðan gengið á þá minjastaði sem upplýsingar hafa fengist um, en jafnframt eru athuguð svæði þar sem líklegt getur talist, út frá gróðurfari og öðrum aðstæðum, að fornleifar leynist. Á velflestum minjastöðum eru tóftir eða aðrar

mannvirkjaleifar ekki sýnilegar og þar er ekki annað gert en að komast sem næst staðsetningu minjanna og færa hana á kort en það er gert með því að finna hnattstöðu (hnit) staðarins með GPS staðsetningartæki. Þar sem fornleifar eru huldar sjónum er lögð áhersla á að komast að því fyrir hverskonar hnjaski þær geta hafa orðið, hvernig aðstæður voru áður á viðkomandi stað og reynt eftir föngum að meta hvort staðurinn sé enn í hættu.

Þar sem tóftir eða mannvirkjaleifar eru sýnilegar er þeim lýst á staðlaðan hátt og gerður af þeim uppdráttur, auk þess sem þær eru færðar á kort og fundin hnattstaða þeirra. Áhersla er lögð á að fá skýra mynd af umfangi, lögun og ástandi minjanna en að öðru leyti er ekki um að ræða nákvæma rannsókn á hverjum stað. Einnig er aðstæðum lýst og reynt að meta hvort minjastaðurinn sé í hættu og þá af hvaða völdum. Þar sem því verður við komið eru teknar ljósmyndir af tóftum.

4. Að vettvangsvinnu lokinni er flogið yfir skráningarsvæðið og teknar loftmyndir af þeim stöðum sem skráðir hafa verið, og þá fyrst og fremst þeim stöðum þar sem minjar eru sýnilegar. Könnun úr lofti gefur einnig færi á að leita eftir rústum á svæðum sem ekki var hægt, eða ekki þótti ástæða til, að ganga yfir.

5. Samantekt gagna og skýrslugerð felst í nokkrum afmörkuðum verkefnum:

- upplýsingar eru settar jafnóðum inn á gagnagrunn en þar verða þær í stöðugri endurskoðun og ávallt aðgengilegar í framtíðinni. Gagnagrunnur Fornleifastofnunar er þegar orðið öflugt rannsóknargagn með yfir 15000 minjastöðum en sveitarstjórnir og aðrir aðilar sem borga fyrir fornleifaskráningu munu hafa fullan aðgang að þessu safni. Á næstu þremur árum er og stefnt að því að gagnagrunnur stofnunarinnar verði aðgengilegur öllum á alnetinu.

- prentuð er út skrá um minjastaði á viðkomandi skráningarsvæði, með kortum sem sýna staðsetningu fornleifanna og teikningum af einstökum tóftum. Skrá þessi er uppistaðan í skýrslu um skráninguna.

- Niðurstöður skráningarinnar eru bornar saman við ritaðar heimildir um sögu byggðar á skráningarsvæðinu og er á þeim grunni ritað stutt yfirlit um einkenni og þróun byggðar á svæðinu.

- Ritað er yfirlit um einkenni fornleifa á skráningarsvæðinu. Er þar reynt að draga fram menningarsöguleg sérkenni viðkomandi landsvæðis eða aðrar aðstæður sem sérstakar eru og áhrif hafa á varðveislu, rannsóknar- og kynningargildi minjanna.

- Gerðar eru tillögur um friðlýsingar ákveðinna minjastaða og gerðar grófar áætlanir um hvernig standa megi að kynningu slíkra staða eða heilla svæða.

Yfirleitt eru skýrslur um aðalskráningu gefnar út fjölrítaðar í litlum upplögum en áhersla er lögð á að þær ná inn á öll heimili á þeim jörðum sem skráðar hafa verið. Þá gefst búendum kostur á að koma með athugasemdir og leiðréttingar.

Verkþætti aðalskráningar telst lokið þegar skýrsla hefur komið út. Hinsvegar er algengt og að mörgu leyti æskilegt að skráning í t.d. einu sveitarfélagi sé unnin á nokkrum árum. Það bæði dreifir kostnaði og gefur færi á leiðréttingum og endurskoðun milli ára.

Til að sem mestur árangur náist af fornleifaskráningu er nauðsynlegt að henni sé fylgt eftir með ýmsum aðgerðum:

- Gera verður upplýsingar um staðsetningu minjastaða aðgengilegar í ákvarðanatökufærli viðkomandi sveitarfélags. Þetta er sérstaklega mikilvægt í stærri sveitarfélögum í þéttbýli en þar eru oft lítil bein samskipti milli menningarmála- eða umhverfisnefnda, sem fornleifaskráning heyrir oftast undir, og bygginga- og skipulagsnefnda, sem eru þeir aðilar sem þurfa að taka tillit til fornleifa.


- Ganga verður á eftir að tillögur um friðlýsingu og kynningu minja verði settar í framkvæmd, eða a.m.k. að menningarminjar verði teknar með í skipulag ferðaþjónustu, útivistar og menntunar.

- Æskilegt er að stefnt sé að því að gefa út fornleifaskrá um viðkomandi landsvæði á bók. Það er eina leiðin til að koma litljósmyndum á framfæri við almenning og einnig tækifæri til að rita sögu þjóðháttar og byggðapróunar í viðkomandi héraði.

3. Fyrri fornleifaathuganir á Ölfusvatni

Ekki hafa verið gerðar neinar fornleifaathuganir í landi Nesjavalla svo vitað sé fyrr en sumarið 1997 en tæpar þrjár aldir eru síðan menn fóru að veita fornleifum á Ölfusvatni athygli. Í skýrslu um heimildakönnun um fornleifar á Hengilssvæðinu er gefið yfirlit um fornleifaathuganir sem gerðar hafa verið á svæðinu en hér verður fjallað um Ölfusvatn sérstaklega.

Í lýsingu sinni á Háldans Jónssonar á Ölfushreppi frá 1703 getur hann um Grímkelsgerði og Grímkelsleiði á Ölfusvatni en lýsir þeim ekki nánar (SSÁ, 234-50). Árið 1817 sendi konungleg nefnd um varðveislu fornminja bréf til allra sóknarpresta á Íslandi og bað þá að skrifa skýrslur um fornleifar og gamla gripi í sínum sóknum. Presturinn á Þingvöllum, Páll Þorláksson (1748-1821) svaraði nefndinni um hæl með allítarlegri skýrslu. Á Ölfusvatni getur hann um hofatóft sem ennú sjáist gjörla til og að það sé talið hofið sem Grímkell brenndi. Sunnan við hofið segir hann frá stóru gerði með þúfu í sem kallað sé Grímkelsleiði. Einnig getur hann um kirkjugarð og stein sem standi í sáluhliði sem talinn sé frá pápískri öld og haldi sumir að hann hafi staðið fyrir kirkjudyrum með vígðu vatni en aðrir að hann hafi verið skírnarfontur. Þessar lýsingar koma ágætlega heim við aðstæður í dag. Hofkofinn, fjárhús sem byggt var á hofatóftinni um miðja 19. öld, er þó heldur vestar en norðar af Grímkelsgerði sem nú er kallað og ekki er hægt að sjá af lýsingu Páls hvar kirkjugarðurinn hefur verið eða bollasteinninn (FF, 219-20).



Tuttugu árum síðar sendi Hið íslenska bókmenntafélag út spurningalista til sóknarpresta og var þar m.a. spurt um merkar fornminjar, þar á meðal dómhringa. Með því hugtaki var yfirleitt átt við hringlaga torfgarða þar sem dómar áttu að hafa farið fram

en presturinn á Þingvöllum, Símon Beck, hefur ekki skilið það þannig heldur lýsir hann sem dómhring steini einum á Ölfusvatni sem menn sögðu vera blótbolla. Það er sýnilega sami steinninn og hafði verið talinn skírnarfontur af forvera Símonar því hann telur bollann hestklyf (50 kg) að þyngd og bollann taka 4-5 merkur (1-1,25 l) (SSÁ, 190). Á þessum stutta tíma hafði afstaða manna til fortíðarinnar breyst á afgerandi hátt: Það sem áður voru óáhugaverðar leifar úr páfísku voru nú orðnar merkar minjar sem endurvörpuðu ljóma glæstrar fortíðar á staðnaðan samtímann. Ekki getur Símon um aðrar fornminjar

Kort 1. Yfirlitskort af helstu minjastöðum í landi Ölfusvatns. Jörðin er hér sýnd með merkjum eins og þau voru í lok 19. aldar. Sjá einnig Kort 3 og 4.

í landi Ölfusvatns.

Á áttunda áratug 19. aldar reið danski fornfræðingurinn Kristian Kålund um landið og skoðaði íslenska sögustaði. Hann kom við á Ölfusvatni til að skoða menjar um Grímkel goða. Kålund lýsir blótsteininum, gerðinu, leiðinu og hoftóftinni sem hann kallar Hofhól og greinir frá því að fjárhús hafði þá verið byggt á tóftunum. Honum var raunar sagt að blótsteinarnir hefðu verið tveir og að sá sem hefði staðið framan við kirkjuna og hefði verið stærri væri nú kominn í hleðslu í húsgrunni. Hinum steininum lýsir hann sem ferköntuðum með skál ofaní, sem sé um eitt fet í þvermál (um 30 cm). Sá steinn var þá heima við bæinn og er sennilega sá sami og er þar nú. Kålund fannst lítið til koma um blótsteinakenninguna og taldi skýringu Páls líklegri að steinninn eða steinarnir hefðu verið skírmarfontar (KK II, 89).

Skömmu síðar, eða 1880 var Sigurður Vigfússon við rannsóknir á alþingisstaðnum á Þingvöllum en fór einnig um nágrannasveitirnar og skoðaði minjastaði sem tengdust sögu þinghaldsins eða frásögnum Íslendingasagna. Sigurður segir frá sömu stöðum og Kålund og hefur litlu við frásögn hans að bæta utan að hann fékk að vita að stærri blótsteinninn væri í hleðslu í kjallara og einnig var honum sagt að þriðji steinninn hefði verið til, minni en hinir en hann væri nú týndur. Öfugt við Kålund var Sigurður ekki í vafa um að steinarnir hefðu verið notaður við heiðið helgihald og einnig taldi hann að staðsetning Grímkelsleiðis kæmi alveg heim við frásögn Harðar sögu um að Grímkell hefði verið jarðaður suður frá garði (Árbók 1880-81, 19-20).

1898 var arftaki Sigurðar sem könnuður Fornleifafélagsins, Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi á ferð í Grafningi. Hann lýsir alveg sömu stöðum og Kålund og Sigurður og eru lýsingar hans öllu nákvæmari um stærð og lögun en bæta að öðru leyti engu við. Hann lýsir blótsteininum í hlaðinu en getur ekki um hinn eða hina sem Kålund og Sigurði hafði verið sagt frá (Árbók 1899, 2-3).

Eftir að Brynjúlfur hætti ferðum sínum skömmu eftir aldamótin 1900 dró mjög úr fornleifaathugun á Íslandi, en nýr þjóðminjavörður, Matthías Þórðarson, ferðaðist ekki um landið eins og forgöngumenn hans heldur sat lengstum í Reykjavík og hugði að safngripum. Matthías friðlýsti þó fjölda minjastaða á Íslandi í kringum 1930 og fór þar mest eftir skýrslum þeirra Kálunds, Sigurðar og Brynjúlfs. Meðal þeirra voru Grímkelsleiði í túninu á Ölfusvatni en einnig steinn með áletruðu ártali >1736' í túninu aftan við bæinn. Steins þessa er ekki getið í fornleifaskýrslum og hlýtur Matthías að hafa

skoðað hann sjálfur. Einnig er haft eftir Sæmundi Gíslasyni bónda á Ölfuvatni að Matthíasi hafi ekki þótt tóftaleifarnar undir Hofhúsinu sannfærandi og talið að hofið væri sunnan við túnið þar sem er tóft sem annars hefur verið talin vera af fjárborg. Þetta mun vera ástæðan fyrir að Hofhúsið var ekki friðlýst en Matthías lét friða nær allar slíkar tóftir sem hann vissi um. Ekki er vitað hvenær hann kom að Ölfusvatni en dauðaleit hefur ekki verið gerð í dagbókum hans.

Skipuleg fornleifakönnun hefur ekki farið fram á Ölfusvatni fyrr en sumarið 1997 en 1958 skoðaði Kristján Eldjárn nokkrar tóftir á svæðinu og gróf m.a. í svokallaðar Grímkelstöftir fyrir neðan túnið í Króki. Markmið þessarar athugunar var að fá staðfestingu á sögn Harðar sögu um býlið Grímkelstaði þar sem Grímcell bjó áður en hann flutti bæ sinn að Ölfusvatni. Egill Guðmundsson á Króki sýndi Kristjáni tóftir á fleiri stöðum, m.a. í Álftalautum og sést þar í einni tóftinni að grafin hefur verið lítil ferköntuð hola sem sennilega er eftir Kristján.

Árið 1989 stóð til að leggja veg heim að Ölfusvatni, vestan árinna og var bent á að fyrirhugað vegarstaði færi í gegnum rúst af fjárborg sunnan við túnið. Guðmundur Ólafsson gerði vettvangsathugun sama ár og var ákveðið að færa veginn svo hann spillti ekki tóftinni. Guðmundur lýsti fjárborginni og gerði lauslegan uppdrátt af bæjarstaðinu á Ölfusvatni.

4. Aðalskráning fornleifa 1997

Nú liggur í fyrst sinn fyrir heildstætt yfirlit um menningarminjar í landi Ölfuvatns og Nesjavalla. Alls hafa 70 staðir verið skráðir, 21 á Nesjavöllum og 49 á Ölfusvatni, og skiptast þeir þannig eftir tegundum:

Bæjarhólar og bæjarstaði	4	mógrafir	1
tóftir og rústabungur	23	gripur	1
garðlög	3	hver	1
gerði	3	steinn	1
götur	3	álagablettir	2
brunnur	1	örnefni	3
vegur	1	heimild	21
hleðsla	1		
áletrun	1	<i>Samtals</i>	70

Hlutverk þessara staða greinast hinsvegar svo:

bústaður/býli	4	kirkja	1
útihús	7	legstaður	1
þ.a. 4 fjárhús		uppsátur	1
1 lambhús		naust	1
1 hesthús		brunnar	3
fjós	1	vörslugarður	1
túngarðar	2	refagildra	1
sel	4	mógrafir	1
beitarhús	3	landamerki	1
stekkir	2	samgöngubót	1
fjárskýli	3	vað	1
réttir	3	leiðir	9
kálgarðar	3	áveita	2
heygarðar	3		

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, GK o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Af þessu hlýst t.d. að jörðinni Ölfusvatni eru taldir tilheyra minjastaðir á skikum sem hafa horfið undan henni á þessari öld. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-474:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, oge innig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver fornleif eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið

notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki allt hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðrins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávík frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um Aheimild um...≅ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í nætsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta, og 3) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið eða á 36 stöðum af 70. 20 staðir töldust ekki vera í eninni hættu, 13 töldust í hættu en það þýðir að staðirnir eru á eða nærri athafnasvæðum eða rofsvæðum án þess að hægt sé að skilgreina sérstaka vá sem að þeim steðjar, og 3 staðir töldust í miklli hættu en það þýðir að þeir munu skemmast eða hverfa innan tíðar nema gripið sé til aðgerða. Hlutfall minjastaða í engri hættu er talsvert hærra á þessu svæði en annarsstaðar en það helgast fyrst og fremst af því að ekki er lengur búið á Ölfusvatni (þar sem 5/7 minjastaðanna eru) og þeim stöðum stafar því ekki hætta af jarðrækt og öðrum umsvifum sem fylgja búskap. 5 staðir á Nesjavöllum töldust

Í hættu vegna ábúðar en annars voru flestir staðir í hættu vegna trjáræktar sem nú færast mjög í aukanna, sérstaklega í landi Ölfusvatns, og hafa tré verið gróðursett ofaní tóftir á nokkrum stöðum. Á 3 stöðum eru minjar í hættu vegna vegagerðar, á tveimur vegna uppblásturs og á einum vegna ölduróts frá Þingvallavatni.


ÁR-474 Nesjavellir

Nýbýli, fyrst byggt 1819. Nesjavellir áttu skógarítak í Nesjalandi í Jórúkleif en Nesjar áttu engjaítök í Botnadal og Vegghamrahólum. NV mörk við Nesja hafa verið á reiki og hafa Nesjar átt selstöðu og afbýli hjá engjaítökum sínum innan þess lands sem nú telst til Nesjavalla.



1918: Tún 4,3 ha, slétt. Matjurtagarðar við bæ og fjárhús alls 1017 m². 1977: Tún
Kort 2. Yfirlitskort af helstu minjastöðum í landi Nesjavalla.

28.5 ha. A Kringum gamla bæinn og Lambhúsið var Túnið, sem mig minnir að hafi verið girt, en góð girðing kringum Vellina sjálfa var ekki sett fyrr en eftir 1930 ... Vellirnir voru taldir vera 90-100 dagsláttur að stærð. ... var vestri helmingur Vallanna kallaður Áveitur. Laugalækurinn flæddi þar oft yfir og var veitt út um Vellina, en eystri helmingurinn, þar sem Laugalæksins gætti ekki, var kallaður Mosar, sennilega vegna þess, að þar hefur verið mosi í rótinni. ≡ Ö-Nesjavellir a+v, 3-4. Túnið er náttúrulega slétt og eru í því grunnar rásir eftir uppþornaðan Laugalækinn.



ÁR-474:001 *Nesjavellir* bæjarstæði

býli/sel 64°07.302 N 21°04.641 V

≡Eftir frásögn Odds heitins Snorrasonar eru Nesjavellir byggðir úr Nesjalandi 1817. [Þorleifur Guðmundsson bóndi á Nesjum byggði] neðst á Völlunum, og norðast næst hrauninu. Stóð bærinn þar, þangað til Grímur, sonur hans, flutti bæinn nærri efst á Vellina. ≡ - ARústirnar rétt við veginn, þ.e. aðalakveginn suður Grafning, segir Guðmundur ekki hafa verið nefndar neinu sérstöku nafni, en álítur, að Nesjavallabærinn hafi fyrst verið byggður þar [...]. ≡ - AEftir því sem sögur herma hefur fyrsti Nesjavallabærinn staðið nyrzt á Völlunum við hraunjaðarinn, en verið fluttur síðar syðst á vellina, þar sem vatnsból var betra. Á árunum kringum 1940, að mig minnir, reif Jón Sigurðsson bóndi þennan bæ og byggði íbúarhús og útihús nokkru sunnar, þar sem hærra var, sennilega vegna flóðahættu. ≡ segir í örnefnalýsingu.

Tóftirnar eru 3 og er ein vestast, norðan við þjóðveginn í beygjunni þar sem hann kemur niður úr Selskarði, en hinar tvær eru um 30 m austar, sunnan við veginn og eru um 10 m á milli þeirra. Miðtóftin er stærst og er hún á svolitlum hraunhól. Á mörkum hrauns og túns. Sunnan við eru sléttir grasvellir en strax norðan við tekur hraunkantruinn við. Tóftirnar standa undir hólaröð (framhald Selkletta til S) er er neðsti hjallinn í fjallendinu sem gengur til norðurs úr Henglinum.

Tóftirnar hafa greinilega verið í notkun löngu eftir að bæjarstæðið var flutt suður á vellina (til 002), og voru þar beitarhús fram á þessa öld. Bárujárn er í heygryfjunni í miðtóftinni. Vestasta tóftin hefur skemmst lítillaga af vegarlagningunni en verði gerðar umbætur á veginum er ljóst að þesar minjar eru í uppnámi. Austasta tóftin snýr A-V og hefur dyr á A-gafla. Hún er 9x5 að utan en 5,5x2 að innan. Hleðsluhæð er 1,3 m og er mest 8 umför. Þykkt veggj er 1,5-2 m. Tóftin er á svolitlum hól en sunnan við hana og áfastur henni er heygardur, 18x10 að utanmáli og 13x8 að innan. Hleðsluhæð er 1 m og mest 4 umför. Þykkt veggja 0,7-1 m. Vestast í heygardinum er lítill pallur sem gæti verið tóft. Sunnan við heygardinn er mýrarblettur sem gæti hafa verið vatnsból er búið var á þessum stað. Miðtóftin er greinilega fjárhús frá því um aldamótin eða síðar. Það er 12x10

m að utan og er fjárhúsið sjálft 7x7 m að innan en heygryfjan við enda þess 7x3 m að innan. Í fjárhúsinu, sem er austar og hefur tvær dyr á austurgafli, eru 2 garðar, um 1 m á þykkt báðir. Þykkt veggja er um 1,5 m og hleðsluhæð 1,2 m. Heygryfjan er talsvert dýpri og þar er hleðsluhæð rúmlega 2 m og mest 12 umför. Þykkt veggja 1,5-2 m. Áfastur þessu húsi að vestan er heygarður, 15x10 m að utan og mjókkar til vesturs þannig að V-gaflinn er þeins 6 m. Garðurinn er grjóthlaðinn, um 1 m á þykkt og stendur um 0,5 m hátt. Vestasta tóftin, norðan við þjóðveginn, snýr SA-NV og hefur dyr á SA gafli. Hún er 12x6 m að utan og 8x2,5 að innan. Hleðsluhæð er 0,8 m og þykkt veggja 1,5-2 m. Smáskúti er í hraunhólnum sem miðtóftin er byggð á og hefur verið hlaðið fyrir gjótuna, norðan við heygarðinn, noraðan við vírgirðingu sem liggur þétt meðfram mið- og austustu tóft. ANorðaustur af Stekkjarklett eru Selklettar.≡ segir í örnefnalýsingu. Klettarnir taka nafn sitt af seli, annaðhvort selinu 006 (Gamlastekk) vestan við þá eða þá seli sem hefur verið á þessum stað áður en bærinn var reistur 1819. ASelstöður á jörðin [Nesjar] í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel.≡ segir í JÁM II, 378. Líklegt verður að telja að Vallasel hafi verið á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar


Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 3; Ö-Nesjavellir-b, 3; Ö-Nesjavellir a+v, 3.

ÁR-474:002 *Nesjavellir* bæjarhóll bústaður 64°07.002 N 21°14.869 V
AEftir frásögn Odds heitins Snorrasonar eru Nesjavellir byggðir úr Nesjalandi 1817. [Þorleifur Guðmundsson bóndi á Nesjum byggði] neðst á Völlunum, og norðast næst hrauninu. Stóð bærinn þar, þangað til Grímur, sonur hans, flutti bæinn nærri efst á Vellina. Þar var nóg vatn að fá. Árið 1942 (?) var bærinn enn fluttur, þangað sem hann stendur nú.≡ - AEftir því sem sögur herma hefur fyrsti Nesjavallabærinn staðið nyrzt á Völlunum við hraunjaðarinn, en verið fluttur síðar syðst á vellina, þar sem vatnsból var betra. Á árunum kringum 1940, að mig minnir, reif Jón Sigurðsson bóndi þennan bæ og byggði íbúarhús og útihús nokkru sunnar, þar sem hærra var, sennilega vegna flóðahættu.≡ segir í örnefnalýsingu. Bæjrhóllinn er í túninu, um 200 m N við núverandi bæjarstæði og rúmlega 100 m NV við Nesbúð.

Í kringum hólinn er iðjgrænt tún á sléttum völlum en hóllinn sjálfur er ósléttari og í sinu. Sunnan við hóllinn eru rásir í túninu beggja vegna við hann þar sem vatn hefur runnið áður. Hóllinn snýr A-V og er hæstur að austan. Ábúendur á Nesjavöllum eiga málverk sem sýnir gamla bæinn að sunnan. Hann snéri stöfnum í A og voru bæjardyr syðst í röðinni. Aftan við bæinn og laus frá honum (á.a.g.10 m) var heyhlaða. Austan í hólnum er 8x8 m ferhyrnd hvompa og er sennilega þar sem síðasti bærinn stóð. Af túnakorti frá 1918 hefur bærinn hinsvegar þá snúið A-V, verið mjó lengja eftir bæjarhólnum endilöngum og kálgarður verið norðan við hann og tveir smæákofar utan í honum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 3



ÁR-474:003 heimild lambhús
AAustur við hraunjaðarinn var Lambhús, sem búið er að rífa fyrir löngu síðan.≡ segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar sjást enn vel í austurjaðri túnsins, um 100 m NV af Nesbúð og um 45 m A við bæjarhólinn 002.

64°06.985

Að vestan, norðan og sunnan eru sléttir túnvellir en austan við er hraunjaðar og er húsið byggt utan í stakan hraunkamb. Lambhúsið sjálft er 11x8 m að utanmáli og 6,5x4 m að innan. Kamparnir eru breiðir, dyr á A-gafli. Meðfram N-langvegg er upphækkun sem hefur aðeins norðlægari stefnu og virðist vera eldri veggur og gengur út lítilleg austar en núverandi tóft. Sunnan við lambhúsið er stórt afgirt hólfi, sennilega rétt frekar en heygarður. Hann er

gerður úr 14 m löngum og 1 m breiðum vegg sem myndar krapt horn við hraunhólinn sem lambhúsið er byggt utaní. Bæði lambhúsið og garðurinn eru grjóthlaðin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 3.



ÁR-474:004 heimild útihús 64°07.019 N 21°15.057 V
Um 80 m af Nesjavallarétt og um 150 m SV af bæjarhólnum 002, um 40 m frá hrauntungunni sem gengur til A út á Vellina þar sem réttin er, munu hafa staðið 3 útihús í hnapp.

Í túni, en 1918 voru húsin rétt utan við túnið, en sennilega á sléttum velli, skammt frá hrauninu. Grunn renna er í túninu austan við þann stað sem húsin hafa staðið og hefur sennilega verið þar lækur, a.m.k. á vorin. Ekkert sést nú móta fyrir húsum þessum og er túnið svotil rennislétt á þessum stað. Þar er heldur hærra en annarstaðar í túninu og er svolítill lægð milli hans og bæjarhólsins 002.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1918

ÁR-474:005 garðlag túngarður 64°06.939 N 21°14.939 V
Aþegar [Grímur bóndi á Nesjavöllum] kom heim undir túngarð á Nesjavöllum, sprakk hesturinn undir honum, en Grímur komst til bæjar og var þá óður. Nú sjást um 90 m af grjóthlöðnum S og SA við 002. Garðurinn liggur í breiðum boga með heldur austlægari stefnu m.v. 003 en ætla mætti af túnakorti, og garðurinn um 20 m austar en á kortinu. Garðurinn endar til V við grunna vatnsrás (nú þurra) sem liggur út á túnið að S. Að norðan tekur hraunið við á móts við 003 og er þar vírgirðing í framhaldinu og grjóti hlaðið undir hana. Í sinu og mosa rétt utan við túnið. Samkvæmt heimildamanni var enginn garður um túnið á 4. áratugnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

ÁR-474:006 *Gamlistekkur* 2 tóftir

stekkur 64°07.778 N 21°14.688 V

ANorður af Skútabrekkum er Litluvellir. Þar norður af er Hjallatorfa. Þar austur af eru Stekkjarhöfðar og Gamlistekkur suðaustan við undir Stekkjarkletti, þar sem nú eru beitarhús. Norðaustur af Stekkjarklett eru Selklettar.≡ - AGamlistekkur var notaður til að stía á vorin. Guðmundur telur, að 80 ár (miðað við 1970) muni liðin frá því, að hætt var að færa frá.≡ - ANorðvestur af Völlunum er Vallarskarði milli Stekkjarhöfða og Selkletta. Þar liggur Grafningsvegurinn í gegnum.≡ AStekkur frá Nesjum var í Selklifi í Nesjavallalandi, frá gamalli tíð.≡ - ASelklettar eru nokkuð hár hraunkambur, sem nær frá Vallarskarði og að Selklifi, sem er norðaustast í Selskarðinu.≡ segir í örnefnalýsingum.

Ekki er augljóst við hvaða stað þessar lýsingar eiga og ekki er á þeim fullt innbyrðis samræmi, en þó mun ótvírætt að þetta mun allt vera sami stekkurinn og koma ekki aðrar tóftir til greina en selið í Selskarði. Vegarlóði sem nú endar hjá Gjánni og Þorsteinsvík liggur um Selskarð frá þjóðveginum, skammt norðan við vegamót Grafningsvegur og Nesjavallavegar. Þegar ekið hefur verið eftir þessum slóða um

200-300 m opnast þröngur dalur eða skarð sem nær norður að hraunbreiðunni. Syðst er allbrött brekka sem slóðinn liggur niður eftir og eru tóftirnar niðri í hvosinni, austan við slóðann. Þær eru tvær og eru um 60 m á milli þeirra og er þar stórgrýtisskriða, gróin.

Tóftirnar eru í botni lítils dals, undir háum klettum. Vestan við stærri og syðri tóftina er dalbotninn allbreiður og er þar lítil starartjörn. Dalurinn er annars grasi vaxinn hið neðra.

Syðri tóftin er sennilega rétt, hún er 13x6 m að innanmáli, ferhyrnd og byggð utaní gróna skriðu undir Slekklettum. Hún er opin í vesturendann og því ekki annað en tveir 13 m langir, 1-1,5 m breiðir og 0,8 m háir grjótveggir með 6 m millibili. Nyrðri tóftin er líka grjóthlaðin og byggð utan í skriðurunna hlíðina. Hún er 6x6 m að utan, veggir 1,5-2 m þykkir og hleðslur 0,8 m háar, mest 3 umför. Í botni tóftarinnar er bárujárn sem gæti bent til að hún hafi verið í notkun fram á þessa öld.

ANorðaustur af Stekkjarklett eru Selklettar.≡ segir í örnefnalýsingu - Ö-Nesjavellir-a, 2. Klettarnir taka nafn sitt af seli, annaðhvort af seli sem hefur verið nyrst á völlumum, þar sem bærinn Nesjavellir var reistur 1819 (001), eða þá þessu seli. ASelstöður á jörðin [Nesjar] í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel.≡ segir í JÁM. Hugsanlegt er að þessi staður sé sami og Klængssel sem annars er ekki vitað um staðsetningu á, en Kleifarsel var undir Jórukleif og Vallasel er væntanlega sami staður og

Nesjavallabærinn var fyrst byggður á (001). Á þessum stað hefur því fyrst verið sel, síðan stekkur á 19. öld og síðast beitarhús sem staðið hafa fram á 20. öld. Hinn möguleikinn á staðsetningu Gamlastekkjjar er að hann hafi verið á sama stað og bæjarstæðið/selstaðan/beitarhúsin 001 og bendir helst til þess að hann á að hafa verið Asuðaustan undir Stekkjarkletti[≡] sem getur ekki átt við þessar tóftir en er mögulega villa fyrir Asuðvestan undir[≡]. Á gönguleiðakorti eru þessar tóftir merktar sem 'Kleifarsel' en það er rangt, því Kleifarsel er í Nesjalandi undir Jórukleif.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 2; Ö-Nesjavellir-b, 3; Ö-Nesjavellir a+v, 4-5; Ö-Nesjar, 6; JÁM II, 378.

ÁR-474:007 *Gjáin* heimild uppsátur 64°09.167 N 21°12.254 V
AMeð Þingvallavatni eru þessi örnefni í Nesjavallalandi. Norðast Þorsteinsvík, þá Gjáin (bátalega).[≡] segir í örnefnalýsingu. Gjáin gengur inn til V úr Þingvallavatni og er víðast þverhnipt en þó má draga báta á land utarlega í henni sunnanmegin og fyrir botni hennar og eru nýleg bátaskýli á báðum stöðunum. Regluleg hraungjá sem opnast út í stöðuvatn.

Gjáin er um 150 m löng og 20 m breið. Merkin milli Nesja og Nesjavalla eru um Gjána og er því einsýnt að að bátauppsátur frá Nesjavöllum getur aðeins hafa verið sunnanmegin í gjánni, þar sem nú er bárujárnsskúr. Innan og sunnan við gjána eru breiðar sandfjörur þar sem auðveldlega má lenda bátum.

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 1

ÁR-474:008 *Dyr* heimild leið 64°06.958 N 21°17.973 V
ADyravegur var gamall lestavegur úr Grafningi til Reykjavíkur. Dyr eru austast í Dyradal, milli hamraveggja. Um þær liggur vegurinn.[≡] segir í örnefnalýsingu. Dyradalur er í landi Nesja en Dyrnar sjálfar, sem eru austanmegin í dalnum, munu vera í Nesjavallalandi. Þær eru skammt norðan við Nesjavallavegin sem liggur um brekkuna ofan við þær og um þær liggur merkt gönguleið.

Dyrnar eru 15-20 m háar og aðeins um 2 m breiðar þar sem þær eru þrengstar vegna hruns, en víðast um 5-6 m. Austan við skarðið hefur hrúnið mikið í það. Vestan við Dyrnar sjást reiðgötur sem beygja til suðurs með austurhlíð Dyradals og virðast stefna upp í fjallshlíðina hinumegin í dalnum, talsvert sunnar en vikið sem Nesjavallavegurinn liggur um.

Heimild: Ö-Nesjar, 5.

ÁR-474:009 *Gjáarhús* heimild beitarhús
64°07.469 N 21°13.081 V

AÖrnefni austur og suðaustur af Nesjavöllum: [...] Eystri gjá; vestan við hana standa beitarhús (Gjáarhús)... A segir í örnefnalýsingu. Gjáarhús eru nýleg járnklædd beitarhús við þjóðveginn. Eldri beitarhúsatóft er um 500 m í NNA frá þeim, vestanmegin í gjánni (eða lægðinni öllu heldur), um 200 m sunnan við háspennulínu. Vegar slóði liggur með vesturhlíð gjárinnar og er um 30 m vestn við tóftina. Hún sést sem svört þúst frá þjóðveginum.

Í breiðri (100-200 m) hraungjá, sem að mestu leyti er vaxin mosa en vallendisblettir eru norðan við beitarhúsin, bæði þau nýju og þau gömlu. Húsið hefur verið hlaðið úr

hraungrjóti eingöngu og hefur ekkert torf verið notað í það. Það er hlaðið utaní hraunhól. Veggirnir standa að mestu og hafa verið vel og fallega hlaðnir, með bogadregnum hornum. Gaflinn er þó hrinninn inn í tóftina og kamparnir hálfhrundir útúr henni. Bárujárnsplata er í botni tóftarinnar sem gæti bent til að húsið hafi verið í notkun fram á þessa öld.

Hættumat: engin hættu

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 2

ÁR-474:010 *Sporhella* gata leið 64°06.864 N 21°17.708 V
Austur af Dyrunum er Sporhellan, móbergshellur með niðurgröfnum götuslóðum í móbergið, frá þeim tímum, er lestavegur lá úr Grafningnum, um Dyradal, til Reykjavíkur.≡ - ANorðan við Vörðuskeggja er Skeggjadalur. Norður af honum kemur [svo] Sporhelludalur. Þeir bera nafn sitt af hellu, er heitir Sporhella. Eru í hellunni djúpar götur eftir hestafætur. A segir í örnefnalýsingu. Sporhellan er fleiri en ein, en dýpstar og lengstar eru rásirnar fyrir botni Sporhelludals, en þar norðan og vestan við eru líka rásir á nokkrum stöðum.

Vegurinn hlykkjast um dalshlíðar og skorninga, ýmist um grasmóa eða berar móbergsklappir og á þeim hafa rásirnar myndast. Sporhellan er á leið sem er framhald ÁR-473:012 og ÁR-474:008 til austurs. Víðast er aðeins ein rás en á nokkrum stöðum hafa þær kvíslast. Alls eru rásirnar 175 m langar, á 5 stöðum á um 500 m bili. Að vestan eru kaflarnir 112 m, 34 m, 8 m, 19 m og 2 m austast. Rásirnar eru víðast 20-30 cm breiðar í botninn og 10-40 cm djúpar.

Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 3; Ö-Hengill, 1.

ÁR-474:011 *Rauðuflog* heimild leið 64°06.891 N 21°15.809 V
ANorðaustur í Hryggjum eru Rauðuflog. Þar lá lestavegur um þau til Dyradals.≡ segir í örnefnalýsingu. Rauðuflog eru austast hluti Dyrfjalla, uppaf Nesjavöllum. Svotil beint upp af bænum er leið (nú stikuð) á ská upp brekkuna, sem er mjög brött, og kemur upp á hjallann sem Nesjavallavegurinn liggur eftir, á svipuðum slóðum og heitavatnsleiðslan liggur undir veginn. Rauðuflog heita svo af rauðleitu hraungjalli sem er í stórum bunkum í þessum hluta Dyrfjalla. Flögin eru að stærstum hluta gróin, og er mosi allsráðandi.

Mjög bratt hefur verið að fra með heta þessa leið. Hnit tekið á brúninni þar sem fyrst sést til húsa á Nesjavallabænum að ofan.

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 3

ÁR-474:012 *Skjólkvíarskúti* örnefni

AÖrnefni austur og suðaustur af Nesjavöllum: [...] Eystri gjá; vestan við hana standa beitarhús (Gjáarhús), og Vestrigjá liggur frá Skjólkvíarskúta og endar norðan við veginn, þar sem hann liggur nú til Hagvíkur.≡ segir í örnefnalýsingu. Ekki hefur fengist skýring á þessu örnefni en líklega verður að teljast að nafnið Skjólkví sé dregið af náttúrulegum aðstæðum því gjáin er þröng sem kví. Hitt er hugsanlegt að fé hafi leitað skjóls í gjánni og jafnvel skútanum en hann var ekki skoðaður 1997.

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 2

ÁR-474:013 Þjófahellir hleðsla fjárskýli

64°07.450 N 21°14.706 V

ASunnarlega í Selklettum er Þjófahellir, með hleðslum.≡ - AHellisiskúti er í Selklettum og heitir Þjófahellir. Mátti þar hafa 30-40 sauði. Ekki var haft þar neitt hey handa sauðunum. Nokkuð hefur fallið úr bjarginu síðar.≡ segir í örnefnalýsingum. Norðan við Selskarð er strýtulagaður hraunhóll og norðan við hann annað skarð, heldur herra og þrengra. Í því er Þjófahellir. um 200 m norðan við Grafningsveginn, efst í skarðinu hátt yfir hrauninu sem breiðir úr sér austan við Selkletta. Gengið er í hellinn úr austri.

Hátt í hraunhólum, gróður annar en mosi er lítill í kring. Hellirinn nýr A-V og er opinn í báða enda. Minna opið er að vestan og hefur verið hlaðið nær alveg fyrir það. Að austan er lítill ketill frama við opið og hefur verið hlaðinn veggur langsum eftir katlinum, þannig að gengið hefur verið eftir mjóum gnagi niður í hellinn en til hliðar hefur verið svolítið hólf sem hugsanlega hefði getað verið notað sem lambakró við fráfarur. Hellirinn sjálfur er mjög reglulegur, um 3 m á breidd, 10 m á lngd og 1,8-2,4 m undir loft. Gólfið í honum er slétt. Lítillga hefur hrunið úr vestari hleðslunni inn í hellinn og mikið úr langveggnum í eytri katlinum niður í ganginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 3; Ö-Nesjavellir-b, 3

ÁR-474:014 Nesjvallarétt gerði rétt

64°06.962 N 21°1

ANesjvallarétt var jafnan meðal heimamanna kölluð Aréttin.≡ segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 100 m bestan við núverandi bæjarstæði á Nesjavöllum, um 200 m SV við bæjarstæðið 002. Réttin er byggð utaní hraunrana sem skagar út á vellina til austurs.

Utaní hrauntali á sléttum grasvöllum. Réttin er grjóthlaðin að mestu og mynda grjótveggirnir eitt stórt hólf en það er hlutað í þrjú með trégrindum. Utanmeð eru einnig fleiri hólf gerð af trégrindum. Hleðslurnar eru sumstaðar heldur óvandaðar.

Hættumat: hættavegna ábúðar

Heimild: Ö-Nesjavellir-b, 3

ÁR-474:015 Skógarhóll heimild huldufólksbústaður 64°08.996 N 21°12.496 V

ASkógarhóll er í Nesjavallalandi, nálægt vatninu. Skógarhóll er bústaður huldufólks. Þar sáu þau ljós Grímur og Geirlaus, börn Jóhanns, systkini Guðmundar [Jóhannssonar]. Nálægt Skógarhóli komst Hafsteinn Björnsson miðill í fjárhóp huldufólks, en skildi í tæka tíð, að tilgangslaust ar að ætla sér að reka þetta fé heim að Nesjum. Síðar hlaut Hafsteinn þakkir fyrir frá huldufólkinu.≡ segir í örnefnalýsingu.

Skógarhóll er allstór stakur hóll upp af Þorsteinsvík, sunnan við Gjána og veginn niður að vatninu. Varða er á honum þar sem hann er hæstur, sunnarlega. NA í hólnum er

hamrabelti, annars er hann ávalur, vaxinn lágvöxnu birkikjarri.

Heimild: Ö-Nesjavellir-b, 4

ÁR-474:016 heimild huldufólksbústaður 64°08.224 N 21°15.212 V
AHryggir í Dyrafjöllum: Í Botnadal er huldufólkskirkja sú, sem Hafsteini Björnssyni var boðið í til messu.≡ segir í örnefnalýsingu. Kirkjan er allhátt hamrabelti sunnanmegin í Botnadal, vestan vegarins. Hún er á.a.g. 30 m há og um 50 m breið.

Heimild: Ö-Nesjavellir-b, 4

ÁR-474:017 Áveiturheimild áveita
A...vestri helmingur Vallanna [var] kallaður Áveitur. Laugalækurinn flæddi þar oft yfir og var veitt út um Vellina ...≡ segir í örnefnalýsingu. Vellirnir eru nú alveg sléttir á þessum slóðum og sér hvergi til áveitugarða og er raunar óvíst hvort þeir hafi verið miklir.

Nesjavellir eru til orðnir vegna framburðar og áburðar úr Laugalæknum og hefur lítið þurft til að dreifa úr flóðinu á vorin til að stækka þá.

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 4

ÁR-474:018 Selskarð heimild leið 64°07.778 N 21°14.688 V
ASelklettur eru nokkuð hár hraunkambur, sem nær frá Vallarskarði og að Selklifi, sem er norðaustast í Selskarðinu. Um Selskarð liggur gamli vegurinn frá Nesjavöllum og er notaður ennþá.≡

Vegarlóði liggur enn til norðurs frá Grafningsvegi, litlu norðar en vegamótin við Nesjavallaveg og liggur hann um Selskarð endillangt en úr því þvert yfir hraunið til Þorsteinsvíkur, en gamla leiðin til Nesja hefur verið með hlíðarrótum vestan við hraunið.

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 5

ÁR-474:019 heimild kálgarður
AÍ námunda við [Braudhver eða Braudholu 020] var lítill kartöflugarður og grjótgarður í kring.≡segir í örnefnalýsingu. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvar hverinn og garðurinn gætu hafa verið.

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 6


ÁR-474:020 Braudhver hver
AÍ hrauninu, dálítinn spöl fyrir norðan borholurnar hjá hitaveitu Reykjavíkur, var töluverður jarðhiti, en ekki vatnshver. Þarna var brennisteinn, kísill og hveraleir. Þar voru bökuð brauð hér áður fyrir. Mig minnir, að þessi hver hafi verið kallaður Braudhver eða Braudhola. ... Nafnið Eldhver gæti ég trúað, að hafi verið dregið af því, að þarna hafi verið eldaður matur, t.d. kartöflur og slátur. Þarna er Laugakækurinn rétt hjá, svo ekki hefur verið langt í vatn. Vegalengdin frá Nesjavöllum að þessum hver er um 20 mínútna gangur og tæplega það.≡segir í örnefnalýsingu. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvar hverinn og garðurinn gætu hafa verið.

Heimild: Ö-Nesjavellir, a+v, 6.

ÁR-474:021 Botnadalur bæjarstæði býli 64°08.327 N 21°15.443 V
A...svo getur og prestur [hjáleigunnar] Botnadals, en eigi hreppstjóri, né heldur nokkur jarðabók.≡ segir í jarðatali Johnsens frá 1847.

Botnadalur er breitt og óreglulega lagað dalverpi og liggur Grafingsvegur um það

austan- og norðanvert. Tóftirnar eru vestanmgin í dalnum, norðurundir skarðinu sem vegurinn liggur um til norðurs. UM 50 m eru frá þjóðveginum að tóftunum í fjallshlíðinni. Tóftirnar eru í fjallsrótum og er mosi ráðandi gróður á þeim og í kring. Ofar í hlíðinni er birkikjarr. Dalbotninn er að mestu sléttur, gróinn grasi og lyngi. Ekkert vatnsból er sýnilegt í nánd við tóftirnar.




Búið var í Botnadal 1832-44. Aðaltóftin er þrískipt, tvö hólf, annað 4x2 m að innan og hitt 2,5x1,5 m að innan, og göng á milli þeirra með dyr til austurs. Tóftin er 9x5 m að utan, veggir 1 m háir, mest 3 umför, þykkt veggja 1,5-2 m. 3 m SV við þessa tóft er önnur lítil, ofar í hlíðinni. Hún er hringlaga, 4 m í þvermál með dyr á austurhlíð, 1,5 m í þvermál að innan, veggjahæð 0,4 m og veggjaþykkt 1,5 m. 4 m norðan við aðaltóftina er einföld tóft sem snýr upp í brekkuna með dyr á austurgafli. Hún er 6x4 m að utan en 4x1,5 að innan, hæð veggja 0,7 m og þykkt veggja 1,5 m. 35 m norðan við hana er önnur hringlaga tóft, 4 m í þvermál að utan og 2 m að innan. Veggjahæð er 0,4 og veggjaþykkt 1,2 m. Allar tóftirnar hafa grjót í veggjum.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimild: JJ, 73.

ÁR-475 Ölfusvatn

34 1/3 hdr. 1847. Skálholtsstólsjörð. Kirkjustaður fram á 16. öld og átti kirkjan hálf t heimaland og Sandey. Jarðarinnar er getið í Harðarsögu og Sturlungu (1243). Í eyði síðan 1947. Sagt er að Arnarbæli í Ölfusi hafi átti skógarítak í Þverárdal. Eign Hitaveitu



Kort 3. Minjastaðir í nyrsta hluta Ölfusvatnslands.

Reykjavíkur en sneið vestan af jörðinni er sumarbústaðarland í einkaeign. Hagavík og Krókur eru gamlar hjáleigur frá Ölfusvatni en auk þeirra áttu Nesjar sókn til Ölfusvatns.


1918: Tún 5,3 ha, að mestu slétt. Matjurtagarðar 582 m². AÞverárdalur út við Hengil er mýrlendur að hluta; skiptast síðan á melar með valllendis- og mosagrónum dölum og dalverpum en brekkur eru víða klæddar nokkrum tegundum lyngs og víðis. Kringlumýri er slægjuland þar sem veitt hefur verið á. Stóribaugar er nef í ánni sem hún hljóp yfir í vetrarleysingum og þótti hey þaðan vera töðu ígildi. Skógarkjarr nokkurt er vestan í Ölfusvatnsfjalli, Líkatjarnarhálsi, Sandfelli að austan og svonefndum Ölfusvatnshólum. veiði er í Þingvallavatni 1 1/2 km frá bænum. Mótak er norður af túninu.≡ SB III, 264. Túnið er nú komið í sinu og mosa. Bæjarmýrin norðan við það er farin að teygja sig inn fyrir túngarðinn í átt að bæjarhólnum. Túnið hefur verið að stórum hluta slétt, en stórþýfi er hér og þar, einkanlega NA af bæjarhól. Hér og þar í túninu, einkum SV-til í því eru stakar litlar þúfur eða hrúgur sem eru möl og aur úr fjallinu sem mokað hefur verið saman. Túnið virðist sáralítið hafa verið stækkað frá því túnakortið var gert, mest til NA. Þar er helst að sjá að það hafi verið ræktað upp á mel, því að þar sem því sleppir til austurs taka strax við svotil gróðurlausir melar. Norðan við túnið er hinsvegar mýri. Sigurður Hannesson telur að túnið hafi ekkert verið stækkað eftir 1918 og að þaksléttur í brekkunum ofan og vestan við bæinn hafi verið yngstu túnaukarnir. Túnið á Ölfusvatni var fyrsta túnið í Grafningi sem girt var með vír, skömmu eftir aldamótin 1900. Ölfusvatn þótti góð jörð til beitar og fyrir veiðar en erfið um slægjur.



ÁR-475:001 Ölfusvatn bæjarhól
Ibústaður 64°07.382 N 21°07.552 V
Bæjarhóllinn er norðantil í túninu, heldur vestar en fyrir miðju. Bæjarstæðið er þétt við rætur Bæjarfjalls, niður undan hvilft eða dal (Húsadal) milli Eystra- og Vestra Bæjarfjalls. Skammt norðan við túnið er nú sumarbústaður með trjálundi í kring en sunnan við er áhaldahús frá Hitaveitu Reykjavíkur. Í túni. Hóllinn er vafinn sinu og mosi sækir mjög á.

1989: ABæinn þyrfti að mæla upp. Innangengt virðist hafa verið úr bænum í fjósið, sem var bakatil við bæin. Mókofi var nyrst í húsaröðinni og snéri gafla fram á hlað.≡ GÓ 1989, 7.

Aðalhóllinn er um 70x30 m, en lægri pallar ganga útúr honum til beggja enda, einkanlega til suðurs, þar sem sjálfstæð rústabunga (kirkjustæði?) er áföst við hólinn. Norðan heimreiðar gengur einnig pallur út til austurs, framundan yngstu bæjarhúsunum og hefur þar verið kálgarður á. Síðustu bæjarhúsin stóðu austan á norðurhluta hólsins og voru, talið frá suðri: bæjardyr með eldhúsi innanvið og úr því innangengt í geymsluhús eða búr og úr því í fjósið. Á fjósinu eru einnig dyr til vesturs og var mykjuhaugurinn þar neðan við. Í fjósinu voru 8 básar.



Kort 4. Bæjarstæði og minjar í túni á Ölfusvatni.

Þekjan er nú í botni tóftarinnar. Í geymsluhúsinu er brunnur í SV horni, við göngin inn í fjósið. Hann er hringlaga, rúml. 1 m í þvermál og a.m.k. 3 m djúpur. Hann er grjóthlaðinn, nú fullur af jarvegi og spýtnabraki í botninum. Vatnsból þetta brást oft. Norðan við Bæjardyrnar var Baðstofan og síðan geymsluhús eða skemma og hlaðinn kjallari undir. Hann sést greinilega, alldjúpur, 1,6 m og mest 7 umför. Þar norðan við hefur verið sjálfstætt torfhús, mókofi. Baðstofan og geymsalan með kjallaranum voru til saman kallaðar Timburhúsið. NV við móhúsið er hesthúsið 005 ofaná hólnum. Framan við bæjarhúsin hefur verið allstór kálgarður og annar aðeins minni sunnan heimreiðar. Gegnt honum, vestanmegin á hólnum, eru tvær stórar gryfjur með hlöðnum veggjum, og var sú nyrðri heystæði en sú syðri hlaða, byggð fyrir 1918. Heimreiðin liggur upp á hólinn og hefur verið hlaðin upp næst honum og hefur verið hægt að fara þvert yfir hólinn meðfram bæjarhúsunum. NA við bæjarhúsin, við rætur hólsins, er hlaðinn brunnur í túninu. Hann var notaður er sá sem er inni í búrinu brást, en gat líka brugðist og varð þá að sækja vatn í Ölfusvatnsá. Í hlaðinu er blótsteinninn 020. Í heygryfjunum og kjallaranum standa grjóthleðslur enn allt að 7 umförum, 1,3-1,6 m háar en í bæjarhúsunum sjálfum 3-4 og eru veggir þeirra byrjaðir að hrynja saman.

Eftir að búskap lauk 1947 grotnuðu húsin niður smátt og smátt, en tóftirnar voru hreinsaðar fyrir nokkrum árum. Timburhús með hlöðnum kjallara var komið á Ölfusvatni um 1880 - SV í Árb. 1880-81, 19-20, og hús þau sem stóðu síðast höfðu öll verið byggð fyrir 1918.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; GÓ Könnun á vegarstæði, 7.

ÁR-475:002 heimild kirkja 64°07.339 N 21°07.579 V
1706: ASo segja menn að hjer hafi að fornu kirkja verið, sjást enn nú merki kirkjugarðs og leiða, og er þar nú skemmuhús, sem kirkjan skyldi staðið hafa. Enginn man hjer hafi tíðir fluttar verið.≡

1817: AA Ölvisvatni í Grafningi hefur í fyrri daga Kyrkia verid, og sér þar ennú til Kyrkiugards, þar hefur svo leinge menn til vita stadid Steirn í Sáluhlíde, sem mælt er vera mune frá Páþískri Öld, og géta sumir til ad hann mune stadid hafa fyrir Kyrkiudyrum med vígdu Vatne ... [sbr. 020].≡

Ekki er nú vitað hvar kirkjan stóð, en hafi hún verið heima við bæinn, eins og líklegt er og ætla má af því að húsinu var breytt í skemmu, þá er sennilegast að hún hafi verið annaðhvort fast sunnan við bæjarhólinn þar sem nú er um 20x20 m rústabunga samtengd honum eða þar sem AHofhúsi'≡ stendur nú. Á fyrrnefnda staðnum er hnitíð tekið. Þar sést ekkert tóftarlag eða garðsmynd en á síðarnefnda staðnum sést bogadregin garðhverfa austan við fjárhúsið 003, sem gæti verið af kringlóttum garði, um 20 m í þvermál. Í túni.

Mælingar eiga við fyrri staðinn, sem áfastur er við bæjarhólinn. Um hinn staðinn sjá 003.

Máldagar kirkjunnar á Ölfusvatni:

[1180]: Þessi er kirkio maldage at vatne. at þar liggr til sandey oll. oc .xij. hundrað alna i vatz lande oc i hagavíkr lande. oc scal eigi selia lond þesse nema með ollom gæþom. þeim er fylgia. at leyfe biscops þess er i scala hollte er

Þar fylgir oc kyr ein. oc scal gefa einnar kyr nyt fra því er sio vicna fasta komr. hvern drottens dag. vnz líþr hvita daga. oc mario messo of fosto. oc olafs messo. oc vppstigningardag. oc hvern drottens dag vpp fra olafs messo til vetrar.

at vatne scal vera seto prestr. oc syngia þar allar heimilis típer. oc .ij. daga rumhelga i viko. oc alla þa daga er messa er til gor. hvern dag messa of iola fosto. oc annan hvern dag .ij. messor of langa fosto. vigilia hvern dag rumhelgan of langa fosto. syngia .ij. messor fosto dag i imbro dogom of haust oc of vetr.

kirkia a kluckur .ij. tiolld vm huerfis I kirkio. alltara klæpe .ij. prestz messo fot full. kertastikur .ij. gloða ker. oc gloða jarn. roþo kross. lyse kolo [skirnar sar. oc silfr kalekr*]; DI I 270 [* b.v. í AM 263.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 8

1397: a halft heimaland. Sandey. Kirkiurid [!, kirkiuvid í einu handr.]

portio Ecclesiæ vmm .xij. är firirfarandi .c. oc .x. aurar

fiell nidur oll firir kirkiu vppgiaurd. DI IV, 94-95

1491x1512: Byskups Stephans maldagi.

kirkian a Olversvatni. a heimaland halft. Sandey. kirkiurid. kirkian a nv viij kvgilldi. þar liggur til eirn bær.

kirkjan lasin. hana á Skalhollt. DI VI, 47

1553-54: Olvesvatn.

kirkian a Olverzvatne ä heimaland halft. Saudey. kirkiuvid. kirkian a nv viij kugillde. þar liggur til eirn bær.

kirckia lasin. hana ä Skalhollt. DI XII, 662

1575: CXCI. Aulvesvatn

kirkian ä Aulvesvatne ä hälfvt heimaland. Saudeij. kirkiuvid.

Jtem kaleik og gomul messuklade.

thangad liggia Nesiar og krokur. DI XV, 644

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 378; FF, 220.

ÁR-475:003 *Hofhús/Hofkofi*

tóft fjárhús

64°07.306 N 21°07.621 V

Í fornleifaskýrslu Páls Þorlákssonar prests á Þingvöllum til konunglegu fornleifanefndarinnar 1817 segir að enn sjáist gjörla til hoftóftarinnar á Ölvisvatni: AI Sudurátt af Hoftoft er ennú sér gjörla til á Ölvisvatni ... Eins og áður er um gétid vottar þar til Hoftoptar í nordur af svokolludu Grímkels leide er vera skal það sama Hof, sem Grímkell brende, og getur um í Holmveria Sogu. Rústernar edur Hríngurinn er nú ummáls 30 Fadmar og standa þar víða Steinar uppur.≡

1877: A... på Ölvesvatn ... havde [Grimkell] et gudehus, der i sagaen kaldes Torgerd hörgabruds hov, men

som dog også ses at have indeholdt billeder af de andre guder. ... Spor af dette gudehus

men syd for gården er i tunet en lav høj Hovhol (Hofhóll) hvorpå der står et fårehus, der af stædet bærer navnet AHofhús≡; her skal gudehuset have stået.≡

SV 1880: AÚti á túninu spottakorn fyrir útsunnan bæinn er fjárhús, sem stendr á flötum hól, bygt fyrir hér um bil 30 árum; það heitir nú AHofhús≡. Steinar höfðu verið teknir þar upp úr í húsið, og þó vóru steinar eftir niðri; þar sást fyrir vegg eða hleðslu, enn nú verður ekki í neitt ráðið, síðan húsið var bygt.≡

1898: AEitt af fjárhúsum þeim, er standa í túninu á Ölfusvatni, er kallað Hofhús. Þar á hofið Grímkels að hafa staðið, og er sem upphækkun undir húsinu.≡

AHofkofi er gömul fjárhústóft, rétt norðan við Grímkelsdys. Munnmælasögur segja að þar hafi verið hof í heiðni. Matthías Þóðarson taldi líklegra, að það mynda hafa verið í hól utan (vestan) við túnið, er ber í Tindgil. Sæmundur Gíslason telur að þarna hafi verið gömul fjárborg.≡ segir í örnefnalýsingu.

1989: AFjárhústóft var í túninu suður af gamla bæjarstæðinu, allhár hóll. Þar heitir Hofkofi, og er að sögn staðurinn þar sem hof á að hafa staðið til forna.≡

Tóftin er um 40 m sunnan við S-enda bæjarhólsins (sbr. 002). Hún stendur hátt á rústabungu sem er u.þ.b. 20 m í þvermál og um 1 m há. Í túni. Fjárhústóftin er einföld, með dyr á norðurgafli, en undir henni eru eldri rústir og sést í þær austan við tóftina. Þar er allöng bogadregin þúfa sem gæti verið garðbrot og má með góðum vilja fylgja því suður fyrir tóftina. Af horni bogans má ráð að hringveggur sá hefði verið um 20 m í þvermál og kemur það vel heim við lýsingu sr. Páls á ummálinu, 56,4 m sem svarar til 18 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: FF, 219; KK II, 89; Árb. 1880-81, 19; Árb. 1899, 2; Ö-ÖHK, 4; GÓ Könnun á vegarstæði, 6-7.

ÁR-475:004 *Horkofi* þúst fjárhús 64°07.334 N 21°07.639 V
30 m beint S af bæjarhólnum 001-002, en um 20 m NV við AHofhúsið≡ 003 er lítill rústahóll í túninu. Í túni.

Á þessum stað er nú aðeins lítill ávalur rústahóll og hefur tóftin verið jöfnuð algerlega við jörðu því ekki sést neitt húslag á hólnum. Kofin sem þarna stóð mun hafa verið sléttaður milli 1944 og 1947. Þetta var lítið fjárhús með afar þröngum dyrum, sem notað var til að hýsa veiklulegar ær.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Túnakort 1918



ÁR-475:005 tóft hesthús
64°07.413 N 21°07.460 V
Hesthústóft er á bæjarhólnum norðarlega. Hún er NV við bæjarhúsin sem stóðu síðast og er SA horn tóftarinnar um 5 m V við NV mókofans sem var nyrsta húsið í bæjarhúsaröðinni. Ofaná grasivöfðum bæjarhól. Tóftin er grjóthlaðin. Dyr eru á miðjum vestur-langvegg.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Túnakort 1918

ÁR-475:006 *Grímkelsgerði* garðlag
64°07.295 N 21°07.533 V
Í fornleifaskýrslu Páls Þorkelssonar prests á Þingvöllum til

konunglegu fornleifanefndarinnar 1817 segir: AI Sudrátt af Hoftoft er ennú sér gjörla til á Ölvisvatni mótar til Gárdis nockurs, og er í því hérumbil 4 Fadma laung Þúfa frá nordre til sudurs, er menn kalla nú Grímkéls leide.≡

1877: AStraks neden for (sydöst for) hovhuset er en ved sporene af et gammelt grastörvgærde indhævet del af tunet kaldet Grimkelsgærde (Grímkelsgerði), her findes i den vestlige udkant tæt ved huset en stor aflang tue, Grimkelslejde (Grímkelsleiði), hvor altså Grimkel skulde være begravet [sbr. 015].≡

Í frásögn Sigurðar Vigfússonar í Árbók 1880-81 segir: A... fyrir neðan [Hofhús] skamt í landsuðr, er svo kallað AGrímkelsgerði≡ með fornum garði digrum, vallgrónum; gerðið er stórt sem kýrvöllr. Rétt við garinn inni í gerðinu skamt frá Hofhúsinu ... er þúfa stór í túninu, sem kölluð er AGrímkelsþúfa≡; ...≡

1898: AGrímkelsgerði heitir forn girðing þar austur á túninu, hér um bil 1 dagsláttu að stærð. Suðvestast í henni er sýnt leiði Grímkels.≡

AGrímkelsgerði er í suðvestur frá bænum í um 130 metra fjarlægð. Sjást þar ógreinilegar minjar hringlaga torfgarðs.≡ segir í örnefnalýsingu. Gerðið er SA-til í túninu, um 30 m A við Hofhúsið 003 og nær A að hól í túnkantinum en uppi á honum eru fjárhúsin 044. Hjá Grímkelsleiði 015 rennur garðurinn saman við (undir?) veginn 046, en norðan við leiðið sést garðurinn sem brún á stórrí hringlaga hvos, um 0,5 m há, en þar sem garðlöggun sést á honum er hann um 3 m þykkur. Garðurinn er mjög sprunginn í þúfur austast, uppvið hólinn og eru þar flög í honum. Enginn garður sést sunnanmegin í gerðinu en þar er landið hærra en að norðan. Inni í miðju gerðinu er tóft (045) og er upphækkun frá garðsveggnum í áttina að henni. Önnur fornleg tóft (048) er í SA hluta gerðisins. Ekki sést nú grjót í veggjum gerðisins. Í túni. Um 10 m VSV af 048 er mögulegur rústahóll, um 7 m í þvermál og 1 m hár, í suðurhlið gerðisins.

Hættumat: hætta vegna rofs


Heimildir: FF, 220; KK II, 89-90; Árb. 1880-81, 19; Árb. 1899, 2; Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:007 heimild stekkur64°07.467 N 21°09.347 V

Í örnefnaskrá er merkjum milli Hagavíkur og Ölufusvatns lýst svo AFrá [Líkatjarnar-]hálsendanum liggja mörkin til norðurs, niður að Þingvallavatni, um svonefnd Rennsli, austan Stekkjarnefs, sem skagar svolítið út í vatnið. Stekkur er vestan við nefið, alveg við vatnið.≡ - Í örnefnalýsingu Hagavíkur er stekkurinn nefndur: AVestan við [Stekkjjar-] nefið er lítið vik, sem heitir Stekkjarvik. Við þetta vik var einu sinni stekkur frá Ölufusvatni, sem grafið var fyrir inn í bakkann og hlaðnir upp veggir með grjóti og hrís þar ofan á til að hækka veggina. Þá mun hafa verið nóg af birki þarna í kring. Nú er þessi stekkur næstum horfinn, sennilega vegna ölduróts frá Þingvallavatni.≡ segir í örnefnalýsingu. Stekkjarnef er lítil grasi vaxin eyri vestan við læk sem kemur úr hálsendanum og er vegarslóði niður á hana og þar braggagrind og bátauppsátur. Rennsli koma undan brekkurótunum V við uppsátrið og hefur stekkurinn verið þar á vatnsbakkanum. Ekkert sér lengur til hans og er nákvæm staðsetning óviss. Þessi staður er í Hagavíkurlandi.

Á vatnsbakka, á lítill gróinni eyri undir brattri brekku. Stekkurinn hefur horfið vegna ölduróts frá Þingvallavatni.

Heimildir: Ö-Ölufusvatn-a, 1; Ö-Hagavík,1



ÁR-475:008 *Gamlasel* tóft sel
64°06.362 N 21°08.989 V

AKrosshóll og Selhóll norðan við Gamlasel tilheyra báðir Ölfusvatnshólum. Milli Klettagrófar og Gamlasels er brött brekka með dálitlum skriðum, sem nær alveg niður að ánni og hár bakki neðst. Eftir þessum bakka lágu suðurferðargötturnar og voru kallaðar Tæpur. Fyrir vestan Tæpur norðan árinna er Gamlasel undir Selhól. - Gamlasel er undir Selhólum að sunnan. Þar er hvammur með tóftum.≡ segir í

örnefnalýsingu. Selið er stök tóft í breiðum hvammi sunnan undir Selhóli um 70 m vestan við Ölfusvatnsá. Merkt gönguleið upp á Ölkelduháls liggur hjá tóftinni. Í hlíðarótum, í breiðum hvammi sem er upb 100x100 m, með smápýfðum grasmóa innantil en lyngmóa nær ánni. Víðikjarr er í hlíðinni innan við tóftina.

1706: ASelstaða er í eigin landi.≡ 1838: A[...] margar eru [selstöður] so nærri, að litlum hagamun sýnist numið geta. Ein var samt tekin upp í fyrra frá Ölvesvatni og aftur brúkuð í sumar; mun það því ekki hafa skaði þókt.≡ SSÁ, 182. Það er sennilega Nýjasel sem rætt er um í sóknalýsingunni.

Sels frá Ölfusvatni er getið í Sturlungu er Björn Dufgusson og menn hans leituðu þar uppi Þorstein Guðinason, sem eignað var banasár Snorra Sturlusonar, og handjuggu hann utan við selið - Sturl, 491.

Seltóftin er með grjót í veggjum en þeir eru mjög hlaupnir í þúfur. Dyr á syðri langvegg, vestrlega. Um 75 m SA við seltóftina er um 30 m langur hóll, sem snýr N-S, með lyngmóa og grjóti upp úr hér og þar. Í N-enda gæti verið lítil tóft m. grjóti í veggjum, mjög breiðum, og dyrum til A.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Ölfusvatn-a, 3; JÁM II, 378; SSÁ, 182.

ÁR-475:009 *Tæpur* heimild leið

AMilli Klettagrófar og Gamlasels er brött brekka með dálitlum skriðum, sem nær alveg niður að ánni og hár bakki neðst. Eftir þessum bakka lágu suðurferðargötturnar og voru kallaðar Tæpur.≡ - AÝmsar ferðamannagötur voru farnar frá Króki, svonefndar suðurferðaleiðir. Gamli suðurferðavegurinn lá fyrst norður gamla túnið vestan Vatnsdals og um svonefnt Grímstún. [...] Síðan lá vegurinn (eða götturnar) norður um Króksskarðsflöt og Króksskarð sbr ÁR-477:012] og þá til vesturs, meðfram Víðihlíð og yfir Ölfusvatnsána, um Lágghálsendann, sem er í Ölfusvatnslandi, og meðfram Ölfusvatnsánni út í svonefnt Moldarklif, en þar byrja Ölfusvatnsárgljúfur. Þaðan liggja götturnar meðfram gljúfrunum, milli þeirra og Stapafells, og áfram til suðvesturs um Þverárdal og Ölkelduháls og í Brúnkollublett [...] og síðan milli hrauns og hlíða vestur að Kolviðarhóli.≡ segir í örnefnalýsingu. Neðan við Ölfusvatnsárgljúfur hefur leiðin verið beggja vegna árinna en meðfram þeim hefur aðallega verið farið austan við þau og síðan hafa leiðir aftur greinst undir Ölkelduhálsi og hægt að fara ofan í Reykjadal eða sunnan við Hengil að Kolviðarhóli. Merktar gönguleiðir eru nú á svipuðum slóðum og gömlu suðurferðaleiðirnar.

Heimildir: Ö-Ölfusvatn-a, 3; Ö-Krókur, aths+viðb, 8

ÁR-475:010 *Nýjasel* tóft sel
64°05.419 N 21°11.834 V

≡Suðaustur af Mælifelli, við ána þar sem Gljúfrin enda, er Nýjasel og Seltungur meðfram ánni. - Nýjasel er austan undir Mælifelli, fyrir suðvestan Löngugróf. [Selið] var líka frá Ölfusvatni. Seltungur [...] eru þar skammt frá. Þær liggja meðfram Ölfusvatnsánni, bugður út í ána. Fyrir selinu sést ennþá.≡ segir í örnefnalýsingu. Selið er austanmegin í dalverpi, sem snýr N-S og gengur til N frá Þverá þar sem hún tekur stóran sveig til A, SA við Mælifell. Tóftin er um 200 m norðan við ána og sést ekki frá henni.

Undir lítt grónu holti, í brekkurótum. Í dalverpinu er blaut mýri og tjarnir. Fjær eru mosapembur og flagmóar og enn fjær berir sandar. Norðan við selið meðfram Þverá, allt niður um Ölfusvatnsárgljúfur er mosi ráðandi gróður, en ofanvið, á Selfötum og allt upp undir Ölkelduháls eru víða grösugir móar og grashvamar sem mátt hefur slá. Í örnefnskrá segir ennfremur um Seltungur meðfram ánni: AÞar hefur verið ágætt haglendi og nóg vatn í ánni. Ég hef heyrt, að þarna hafi einu sinni verið mikill skógur víða. Nú er þetta allt horfið. Þarna mun hafa verið skógarítak frá Arnarbæli í Ölfusi fyrir á öldum. ... Suður og suðvestur af Mælifelli eru Mælifellsflatir [vestur af selinu]. Um 1938 og áður voru þessar flatir stórar (margir hektarar). Nú er þar aðeins smáflöt eftir. Þarna hefur verið og er enn mikill uppblástur víða.≡

1838: A[...] margar eru [selstöður] so nærri, að litlum hagamun sýnist numið geta. Ein var samt tekin upp í fyrra frá Ölfusvatni og aftur brúkuð í sumar; mun það því ekki hafa skaði þókt.≡ SSÁ, 182. Það er sennilega Nýjasel sem hér er rætt um. Rof er í N-vegg á tveimur stöðum. Tóftin snýr N-S og er skipt í 3 hólf. Anna Þórðardóttir f. 17.9.1819 var síðasta selstúlkan í Nýjaseli og jafnframt í Grafningi en selið lagðist af um miðja 19. öld.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: Ö-Ölfusvatn-a, 3; Ö-ÖHK, aths+viðb, 1-2.

ÁR-475:011 *Álagahóll* álagablettur 64°06.362 N 21°08.989 V
AGamlasel er undir Selhólnum að sunnan. Þar er hvammur með tóftum. Þar má ekki taka hrís. Varð Gísli bónda Magnússyni í Króki það á, og varð það til þess, að ábúandinn á Ölfusvatni, Gísli Þórðarson, missti fjóra stórgripi þetta sama ár, og var það kennt álögunum fornu.≡ segir í örnefnalýsingu. Sami staður og 008. Víðikjarr vex í brekkunni upp og vestur af Gamlaseli. Þar er svolítill hóll í hlíðarrótunum og var kjarrið á honum komið tlasvert lengr á veg en kjarrið umhverfis þegar staðurinn var skoðaðr í júní 1997. Hugsanlegt er því að þar séu mannvistrleifar undir

Jóna M. Sigurðardóttir sem ólst upp hjá Sæmundi Gíslasyni ca. 1935-44 heyrði þá skýringu á uppruna þessara álaga að bóndi á Ölfusvatni hefði hýtt smalapilt svo illilega með hrísi af þessum hól að hann dróst til dauða, en skömmu fyrir andlátið lagði hann þessi álög á í hefndarskyni. Hún segir þá sögu að Margrét Eiríksdóttir fóstira sín hafi ávalt roðið krossmark með tjöru á þverbitann á básnum þegar kýr var komin að burði í fjósinu á Ölfusvatni, til að bægja frá illum sendingum eins og þeirri sem gat hlotist af því að reita hrís á Álagahóli. Heimild: Ö-ÖHK, 2.

ÁR-475:012

3 tóftir beitarhús

ABeggja megin við veginn rétt vestan við brúna á Ölfusvatnsá eru Kapladalir, Heimri- og Ytri-Kapladalur. Í Ytri-Kapladal er gömul rétt.≡ segir í örnefnalýsingu. Í Ytri-Kapladal eru 3 tóftir. Sú austasta (réttin) er að hluta komin undir veginn sem liggur í hliðinni sunnanmegin í dalnum. Hún er um 50 m V við dalsmynnið en sú vestasta (sauðahúsið) er rúmlega 50 m vestar í dalbotninum. Um 15 m vestar er grjótvarða, sem af skófunum að dæma er allforn. Fyrir framan vestustu tóftina hefur verið grjóthlaðin girðing en ekki eru nú eftir af henni nema undirstöðurnar. Í grunnum og stuttum dal eða kvos, gróðurlaus hið efra en grasi vaxin í botninn. Botn dalsins er sléttur en hliðarnar brattar og skriðurunnar og hefur hér verið gott aðhald af náttúrunnar hendi.

Allar tóftirnar eru grjóthlaðnar. Sú austasta (réttin) er stærst (14x10 m) með dyr til N, og hefur verið við hana lítið hliðarhólf. Aur og möl hefur fyllt hliðarhólfið og hylur alveg suðurvegginn og hefur einnig runnið inn í aðaltóftina. Frá henni eru 34 m að grjótgirðingunni sem hefur óreglulega

ferningslögungun og er 14x13 m, með dyr á austurvegg. Vesturveggurinn hefur ekki verið hlaðinn eins og hinir. Veggjapýkk er 1-1,5 m og hefur þetta verið einhverskonar rétt en hinar tóftirnar geta hafa verið undir þaki. Vetsasta tóftin snýr A-V með dyr á A-gafl, en mögulega hefur verið fyllt upp í aðrar dyr vestast á N-Langvegg. Hún er 10x6 m að utan og hefur lögungun fyrir að hafa verið stekkur eða fjárhús. Hnit tekið á austustu tóftinni. Þetta munu hafa verið sauðahús frá Ölfusvatni og voru þau í notkun fram á þessa öld, rífin um 1920.

Hættumat: mikil hættu vegna vegagerðar
Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:013 *Merkisteinn* náttúrumin landamerki 64°06.785 N 21°07.391 V
AMerkisteinn á Krókagarðsflöt er skammt vestan við Hellutak. Hann er stórt bjarg, eitt af gömlu Grettistökuum.≡ Segir í örnefnalýsingu. Steinn þessi er á berum mel um 65 austan við afleggjara að sumarbústöðum norðvestast í Krókslandi og um 50 m norðan við girðingu þá sem nú er á merkjum. Stórt bjarg á berum melhól en í kringum melinn er gróið. Hóllinn er neðsti og nyrsti stallurinn í ásunum austan með Ölfusvatnsá.

Steinninn er 3x2 m að grunnflatarmáli og um 1,2 m á hæð. Fyrir austan melhólinn sem steinninn er á, er lítið lækjardrag eða hvilft og austan við hana er annar melhóll og hundapúfa á honum. Þúfan er í beinni línu milli Merkisteins og suðurmerkja Ölfusvatnslandsins við Villingavatnsá (m.v. stefnu á skurðum nyrst í Króksmýri). Steinninn gæti vel hafa verið hornmark, sem þá hefur verið mun austar en nú, því 90°horn við steinninn er bein stefna í hólaröðina austan við dalinn sem Ölfusvatnsá rennur um. Þessi steinn er hinsvegar norðaustan við Hellutak eins og það er staðsett á kortum (sem mun rangt) og hæpið að kalla melinn flöt. Allmiklar flatir eru niðri við Ölfusvatnsá,

norðvestan við Hellutak, en vel er hugsanlegt að umhverfi steinsins hafi verið nær því að vera flatir meðan það var gróið. Uppblástur á þessum stað skýrir einnig hversvegna Krókagarður sést hvergi á þessum slóðum. Heimildamenn kannast ekki við garð þarna en örnefnið gæti geymt í sér minningu um fornana merkjagarð.

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:014 heimild leið 64°06.985 N 21°08.586 V
ASKörðin, þar lá gamli hreppavegurinn.≡ segir í örnefnalýsingu. Skörðin eru dæld sunnan við Vestara Bæjarfjall, ofan (V) við Kapladalina og liggur þjóðvegurinn enn um þau. Hann er sunnanmegin í dældinni en eldri vegur, lítið sem ekkert uppbyggður er norðan og liggur í sveig utanum fjallsendann, uppúr Heimari-Kapladal (Klettagróf) að austan og nær Líkatjörn að vestan en núv. vegur.

Norðaustan í hólnum milli Heimari og Ytri Kapladals hefur vegurinn verið ruddur í skriðunni. Sá ruðningur er hinsvegar frekar stórgrýttur og hefur tæplega verið bílfær. Af stefnu hans að dæma hefur verið farið yfir Ölfusvatnsá á svipuðum stað og brúin er nú. Fyrsti kerruvegurinn um Heimari-Kapladal var gerður um 1923 og er það sennilega ruðningurinn sem enn sést. Bílfært varð úr Ölfusi í Grafning 1928 en ekki alla leið til Þingvalla fyrr en 1934 - brúin yfir Ölfusvatnsá kom ekki fyrr en 1964 - SB III, 255.

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:015 Grímkelsleiði þúst legstaður 64°07.304 N
21°07.582 V

FRÍDLÝSTAR MINJAR. Í fornleifaskýrslu Páls Þorkelssonar prests á Þingvöllum til konunglegu fornleifanefndarinnar 1817 segir: AI Sudrátt af Hoftoft er ennú sér gjörla til á Ölvisvatni mótar til Gárdis nockurs, og er í því hérumbil 4 Fadma laung Þúfa frá nordre til sudurs, er menn kalla nú Grímkéls leide.≡

1877: AStraks neden for (sydöst for) hovhuset er en ved sporene af et gammelt grastörvsgærde indhævet del af tunet kaldet Grímkelsgærde (Grímkelsgerði), her findes I den vestlige udkant tæt ved huset en stor aflang tue, Grímkelslejde (Grímkelsleiði), hvor altså Grímkel skulde være begravet.≡

Í frásögn Sigurðar Vigfússonar í Árbók 1880-81 segir: A... fyrir neðan [Hofhús] skamt í landsuðr, er svo kallað AGrímkelsgerði≡ með fornum garði digrum, vallgrónum; gerðið er stórt sem kýrvöllr. Rétt við garðinn inni í gerðinu skamt frá Hofhúsinu ... er þúfa stór í túninu, sem kölluð er AGrímkelsþúfa≡; hún er 28 feta löng, enn 8 fet á breidd, snýr í norðr og suðr, og mjórri í norðrendann, afbrugðin öðrum þúfum þar í nánd. Þetta stendr heima við Harðar sögu Grímkelssonar ... : Aok var hann jarðaðr suðr frá garði≡.≡

1898: AGrímkelsgerði heitir forn girðing þar austur á túninu, hér um bil 1 dagsláttu að stærð. Suðvestast í henni er sýnt leiði Grímkels. Það er þúfa mikil, nær 5 fðm. löng og nær 1 fðm. á breidd við suðurendann, en mjó í norðurendann, og um 2 al. á hæð.≡ AGrímkelsgerði er í suðvestur frá bænum í um 130 metra fjarlægð. Sjást þar ógreinilegar minjar hringlaga torfgarðs. Grímskelsleiði (dys) er stór þúfa nyrzt í Grímkelsgerði. Var dysin friðlýst af Matthíasi Þórðarsyni fornminjaverði.≡ segir í örnefnalýsingu.

Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur hefur eftir heimildamanni í skýrslu um fornleifar á Ölfusvatni 1989 að Aleiði Grímkels hefði verið þekkt áður fyrr, en nú vissu

líklega fáir eða engir um það.≡

Þúfan er um 1 m innan (A) við garð Grímkelsgerðis (006) þar sem það er lengst til vesturs, um 30 m ASA við Hofhúsið 003. Þar sem þúfan er rennur gerðið undir/samanvið veginn 046. Í túni. Þúfan er aflöng frá norðri til suðurs, mjókkar og lækkar til norðurs, en er hæst og breiðut syðst. Þar sem hún er hæst sést í fjóra litla steina, sem gæti verið raðað af mannahöndum en þeir eru heldur lausir í mosanum og gætu verið nýlega komnir þangað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF, 220; KK II, 89-90; Árb. 1880-81, 19; Árb. 1899, 2; Ö-ÖHK, 2; Fornleifaskrá, 77; GÓ Könnun á vegastæði, 7.

ÁR-475:016 í *Álftalautum* 5 tóftir

64°06.783 N 21°06.664 V

Austast í Álftalautum, um 200 m sunnan við þjóðveginn, eru nokkrar tóftir innanlega í syðri af tveimur aðal Álftalautum. Tóftirnar eru á mótis við nefið sem gengur til N milli lautanna tveggja (sbr. 023). Þær eru á vallendisbletti undir móabrekku.

Niðrundan tóftunum (NV við) eru stararkeldur með fornum mógröfum og gæti þar hafa verið slægjuland. Aðeins ein tóft er vel skýr, og er hún sennilega yngri en hinar. Hún er í brekkurótunum, 6x4 m að utan og 3x1 að innan, veggjaþykkt 1,5 m, snýr A-V og hefur líklega haft dyr til V þó þær séu nú orðnar ógreinilegar. 8 m vestan við hana, niðri á vallendisflötinni er 9x5 m rústahóll og 13 m N við hann annar sem er 6x4. Báðir snúa þeir A-V og hafa sannfærandi lögun til að vera byggingaleifar auk þess sem þeir skera sig á

afgerandi hátt frá umhverfinu. Þeir eru báðir skammt frá mörkum vallendis og mýrlendis.

Sunnan við syðri tóftina af þessum er þýfður mói sem nær úti mýrina en sunnan við hann er annar vallendisblettur og á honum allstór, eða 16x6 m, rústahóll. Hann snýr eins og hinir, með gaflinn út að mýrinni. Á honum er lítil ferköntuð hola sem byrjað er að gróa yfir og gæti það verið prufuhola frá komu Kristjáns Eldjárns hér við þriðja mann1958. Ekki rekur Egil Guðmundsson á Króki þó minni til þess að þeir Kristján hafi grafið í þessar tóftir. Af stærðinni að dæma er þessi tóft líklegust til að

vera mannabústaðurinn af leifum á þessum stað. Undir brekkubrúnni 15 m ofan við tóftina sem fyrst var getið er 8x5 m girðing og við hliðina á henni (S við) örlítill tóft. Fleiri hólar eru á þessum slóðum sem gætu verið tóftir. Mógrafir eru í starmýrinni norðan og vestan við tóftirnar en þær voru ekki skráðar sérstaklega.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:017 *Utastagerði* heimild

ÁÍ túninu á jörðinni Ölfusvatni eru fjögur Agerði≡. Grímskelsgerði, Stöðulgerði, Utastagerði í hlíðinni nær fjallinu og Heimastagerði. Ef til vill eru þetta gömul kornræktarlönd, segir Sæmundur.≡ segir í örnefnalýsingu. Enginn heimildamanna kannast við þetta örnefni. Eina gerðið sem nú kæmi til greina yst í túninu (þ.e. syðst) er 039.

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:018 *Heimastagerðiheimild*

ÁÍ túninu á jörðinni Ölfusvatni eru fjögur Agerði≡. Grímskelsgerði, Stöðulgerði, Utastagerði í hlíðinni nær fjallinu og Heimastagerði. Ef til vill eru þetta gömul kornræktarlönd, segir Sæmundur.≡ segir í örnefnalýsingu. Enginn heimildamanna kannast við þetta örnefni. Heimastagerði gæti verið það sama og sauðahúsið 041 eða tígul-laga girðingu við norðurhorn túngarðsins 043.

Heimild: Ö-ÖHK, 4

ÁR-475:019

tóft

64°07.402 N 21°07.557 V

Fast norðan undir bæjarhólnum, um 20 m N við 005 er ávöl en stórþýfð rústabunga með óglögga hvilft í kollinum, um 15 m innan við túngarð. Í túni. Bæjarmýrin gengur nú inn fyrir túngarðinn og alveg upp að þessari rúst að norðan.

Til VSV frá tóftinni gengur óreglulegur þúfnakragi sem síðan virðist beygja til norðurs á átt að túngarðinum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:020 blótsteinn/skírnarfontur

64°07.369 N 21°07.538 V

Í fornleifaskýrslu Páls Þorlákssonar prests á Þingvöllum til kongunglegu fornleifanefndarinnar 1817 segir: ÁÁ Ölvisvatni í Grafningi hefur í fyrri daga Kyrkia verið, og sér þar ennú til kyrkiugards, þar hefur svo leinge menn til vita stadið Steirn í Sáluhlíde, sem mælt er vera mune frá Páþískri Öld, og géta sumir til að hann mune stadið hafa fyrir Kirkiudyrum með vígdu Vatne adrir að hann hafe verið brukadur fyrir Skyrnarfont. - Steirninn er á Hæd 1 al dönsk með 5 köntum herum 9 þuml. breidum - i ödrum Enda hans er Bolli Krínglóttur 9 1/2 þuml: vídur og 4 þuml. djúpur.≡

1839: ABúðartóftir eru hér nógar í kring og dómhringir 2r, að eg hygg, annar á Ölvesvatni, er nokkrir meina, að séu gamlir blótbollar. Þeir eru nærfellt hestklyf á þyngd, en það hola í þeim (concavum) hygg eg taki hér um 4 eða 5 merkur, og er það laglega holað, en utar eru þeir allt ólögulegri.≡

1877: AHjemme ved gården ligger en ikke høj firkantet stenblok, hvori der findes en fadformig fordybning, omtrent fod I tværmål, en anden lignende, men større, skal for øjeblikket være benyttet som grundsten I en af gårdens vægge; om den sidste siger man, at den I sin tid har stået foran den der daværende kirke. Men I övrigt kaldes de her som andetsteds Ablotstene≡ (blótsteinar) og antages at have hört til de gamle gudehuse og været benyttede ved offringene.≡

Sigurður Vigfússon skrifar um blótsteininn 1880-81: ASteinn einn er þar í bænum, sem er kringlótt og nokkuð flatr, hér um bil 2 fet að þvermáli; ofan í hann er bolli kringlótt, sem er auðsjáanlega höggvinn með nokkrum veginn þvergníptum börmum og nokkurn veginn sléttum botni, og er 10 þuml. að þvermáli og 3 að dýpt. Annar steinn er þar og til, sem eg gat þó ekki séð, þar eð hann mun vera í kjallara undir timbrhúsi í undirstöðu neðantil, enn að honum gat eg ekki komizt, því að kjallarinn var fullr af ýmsum hlutum. Þessi steinn er sagðr sýnu betri en hinn fyrri, hann er stærri, hérumbil knéhár eða meira og með dýpra bolla ofaní; ferskeytt er hann sagðr og líkastr því, sem hann væri sagaðr af enda á ferstrendu tré. Einn var enn til áðr; hann var minnstr og líkastr þessum fyrtalda, enn finst nú ekki. Eg beiddi húsfreyjuna eða ekkjuna, sem þar býr, að reyna að ná þessum steini, sem sagðr er vera í kjallaranum, og geyma þá báða vandlega, þar sem þeir gætu verið til sýnis, og tók hún vel undir það.≡

BJ 1898: ABollasteinn er á hlaðinu á Ölfusvatni. Hann er úr Adoleríti≡ og er rúml. 1 al. á hæð, 3 kvart. í þvermál á annan veg en 2 1/2 kv. á hinn. Bollinn nær 9 þuml. á vídd og 5 þuml. á dýpt. Hann er auðsjáanlega mannaverk.≡ AHlautsteinn með bolla stendur í hlaðinu á Ölfusvatni. Sæmundur segir, að steinninn hafi um tíma verið notaður í hleðslu í bæjarhúsavegg. (Steinn þessi kann að vera úr hofi Þorgerðar hörgabrúðar, er var að Ölfusvatni í heiðni, svo sem getið er í sögu Harðar Hólmverjakappa Grímkelssonar. Steinninn er nú friðlýstur og hefur varðveitt vel.[...])≡ segir í örnefnalýsingu. Það er ekki þessi steinn heldur 033 sem er friðaður. Steinn þessi er nú jarðfastur í hlaðinu, 14 m norðan við heimreið, 2 m austan við framhlið bæjarhúsanna eins og hún hefur verið, í kanti sem verið hefur á hlaðinu ofan við kálgarðinn. Í bæjarhlaði, nú grasi grónu. Steinninn er jarðfastur og haggast ekki. Hann virðist hafa óreglulega lögun en eins og hann er nú hallar efri hlið hans til SA. Að ofan að sjá er hann því sem næst trapisu-lagaður. Skálin er í breiðari endanum og er svotil alveg hringlaga, 24 cm í þvermál og 12 cm djúp. Í barmi skálarinnar er nú rauf. Hún var gerð af sumarpilti á Ölfusvatni á þessari öld.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF, 220; SSÁ, 190; KK II, 89; Árb. 1880-81, 19-20; Árb. 1899, 3; Ö-ÖHK, 4.

ÁR-475:021 *Húsadalur* örnefni

AYtra-Bæjarfjall er nafn á öðru Ölfusvatnsfjallinu. Eystra-Bæjarfjall er nafn á hinu fjallinu. Húsadalur heitir slakkinn milli fjallanna. Liggur hann í útnorður frá bænum.≡ segir í örnefnalýsingu. Engin hús, beitarhús eða annað er að sjá í Húsadal sem er hvilftin milli Bæjarfjallanna upp frá bænum á Ölfusvatni. Snjólétt mun vera milli Ölfusvatnsfjallanna en erfitt eða ómögulegt að beita á Ölfusvatnsheiði á vetrum vegna árinna og því mun sauðum hafa verið beitt á Húsadal á vetrum.

Heimild: Ö-ÖHK, 4

ÁR-475:022 *Geitastígur* gata leið 64°07.576 N 21°07.898 V
Geitastígur er götuslóði vestur að Hagavík norðan í Ytra-Bæjarfjallinu. - Í athugasemdum og viðbótum segir AGeitastígur var [...] leiðin, fyrir norðan fjallið. Stundum var hann ófær af snjó; þá var Skálamelur farinn. Þegar Geitastígsgötur voru farnar og komið var austur fyrir Líkatjarnarhálsinn og þaðan Geitastíginn, var þar melhryggur, töluvert gróinn, sem náði frá lækjarfarvegi, sem er austan undir Líkatjarnarhálsi og að Geitastíg. Hann var kallaður Grandi; menn fóru Grandann.≡ Troðningar sjást á köflum á hálsinum ofan við Ölfusvatn, syðst í Húsadal en þaðan liggur leiðin að mestu með vatnsbakkanum

til Hagavíkur.

Heimildir: Ö-ÖHK, 4; Ö-ÖHK, aths+viðb, 4

ÁR-475:023

2 tóftir

64°06.886 N21°07.259 V

Vestast í Álfतालautum, þeirri vestari af tveimur, skammt norðan við merkin við Krók og um 200 m sunnan við þjóðveginn eru 2 tóftir í brekkunni miðri. Tóftirnar eru í brekku undir blásnum holtsrana. Snöggur grasmói og mosi er á tóftunum og í kringum þær en deiglendara niðri í hvosinni. Þar eru tvö tjarnarstæði og gamall árfarvegur en þurrir móar á milli. Sú sögn fylgir þessum tóftum að þau hafi verið fjárhús sem lögðust af eftir að allt fé drapst í þeim þegar ekki hafði verið hægt að komast yfir Ölfusvatnsá í meir en tvær vikur. Þau gætu þessvegna verið forverar beitarhúsanna í Ytri-Kapladal (012). Báðar tóftirnar eru grjóthlaðnar og snúa N-S eftir brekkunni. Sý nyrðri og minni stendur aðeins hærra en hin. Hún er 8x4 m að utan en 4x1,5 að innan með dyr á S-gafli. Stærri tóftin er 14 m sunnar. Hún er 15x5 m að utan og 11x2 að innan, einnig með dyr á S-gafli.

Hún gæti hafa rúmað 70-80 kindur að mati Sigurðar Hannessonar á Villingavatni.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:024

náma mógrafir

64°07.458 N21°07.463 V

AMógrafirnar eru rétt austan við túnið í Bæjarmýrinni, milli túnsins og Eystra-Bæjarfjallsmúlans. - Í viðbótum og athugasendum segir: Sæmilegur mór var tekinn í Bæjarmýrinni. Hann var nokkrar stungur, fjórar stungar niður á hann. Mórinn var ca. 1.50 m niður. Þarna var alltaf tekinn mór. Stundum var tekinn mór þarna frá Hagavík.≡ segir í örnefnalýsingu. Bæjarmýrin tekur við af túninu um 30 m N við bæjarhólinn, rétt norðan við 019. Um 15 m út mýrina taka mógrafirnar við og sjást þær mjög vel. Þær eru þétt hver við aðra, flestar um 10x5 m og er yfirliett minna en 1 m á milli. Grafirnar eru á 80 m löngu og 50 m breiðu belti og ná á mótis við sumarbústaðinn norðan við bæjarstæðið. Vatn stendur í mörgum grafanna en aðrar eru að mestu grónar. Ein stök gröf er talsvert lengra til SA skammt frá túngarðinum. Frekar þurr mýri.

Mór var tekinn á þessum stað allan tímann sem búið var á Ölfusvatni eða fram til 1947 og þótti ágætur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-ÖHK, 5; Ö-ÖHK, aths+viðb, 2

ÁR-475:025

heimild

fjárskýli

64°07.914 N 21°07.050 V

AHellir eða Hellishóll er við austurenda Eystra-Bæjarfjallsins. Þar var áður fjárbyrgi og heygarður.≡ segir í örnefnalýsingu. Hellishóll er stakur hraunhóll. gróinn að sunnan, N við NA enda Bæjarfjalls, um 30 m V við veg sem liggur meðfram fjallinu að austan. Hlið er á veginum neðan við hólinn. Hellirinn er örlítil skúti norðan í hólnum, austast. Hvergi sér til tófta í nágrenni hólans, en þar er víða blásið og gætu þær hafa horfið vegna

uppblásturs. Neðan við hólinn til A, N og NV er lyngmói með rofsvæðum en vestan við í fjallsrótunum eru grasi grónar lautir, allblásnar er fjær dregur og neðsti hjallinn í fjallinu er nú aðeins ber klöpp. Á þessum stað er sennilega gott skjól en beitiland mikið á Lambhagaeiði sem breiðir úr sér neðan (N) við hólinn.

Heimild: Ö-ÖHK, 5

ÁR-475:026 heimild heygarður 64°07.914 N 21°07.050 V
AHellir eða Hellishóll er við austurenda Eystra-Bæjarfjallsins. Þar var áður fjárbyrgi og heygarður.≡ segir í örnefnalýsingu. Hellishóll er stakur hraunhóll. gróinn að sunnan, N við NA enda Bæjarfjalls, um 30 m V við veg sem liggur meðfram fjallinu að austan. Hlið er á veginum neðan við hólinn. Hellirinn er örlítill skúti norðan í hólnum, austast. Hvergi sér til tófta í nágrenni hólsins, en þar er víða blásið og gætu þær hafa horfið vegna uppblásturs. Neðan við hólinn til A, N og NV er lyngmói með rofsvæðum en vestan við í fjallsrótunum eru grasi grónar lautir, allblásnar er fjær dregur og neðsti hjallinn í fjallinu er nú aðeins ber klöpp. Á þessum stað er sennilega gott skjól en beitiland mikið á Lambhagaeiði sem breiðir úr sér neðan (N) við hólinn.

Heimild: Ö-ÖHK, 5

ÁR-475:027 *Bátanaust* tóft naust 64°08.161 N 21°06.866 V
ANaust á Lambhagaeiði við vatnið að norðanverðu. Naustavík, bústaður. Naustapollur er utan við Naustin; þar er djúp renna að landi, en grynningar og sker skammt norðaustan við er hættuleg, einnig grynningar vestan við naustin.≡ segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum og athugasemdum við hana segir að naustin hafi verið nefnd Bátanaust, þar hafi bátar verið dregnir upp. Naustin eru í fjörumáli beint niður af sumarbústaðnum Naustavík, u.þ.b. miðja vegu milli enda Bæjarfjalls og Einbúa. Naustin eru við breiða vík sem er eini staðurinn á vestanverðu Lambhagaeiði þar sem ekki eru háir bakkar niður að vatninu. Hér er 3-4 m breið malarfjara og aflíðandi graslendi uppfrá henni.

Naustin hafa verið um 3 m breið að innan en nú eru ekki eftir meir en 2 m af lengd veggjanna. Naustin hafa líklega verið gerð þannig að mokað hefur verið útúr moldarbarði og hlaðið grjóti í hliðarnar, frekar en að þau hafi verið hlaðin upp frá grunni. Byggingin hefur skemmst af ölduróti og er óðum að falla saman og hverfa auk þess sem rof er í báðum langveggjum að innan og berar moldir.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsrofs

Heimildir: Ö-ÖHK, 5; Ö-ÖHK, aths+viðb, 2

ÁR-475:028 *Gildruklettur* örnefni refagildra 64°08.445 N 21°06.455 V
AGildruklettur eru austan Eiðisins á Lambhaga norðanverðum á vatnsbakkanum og í vatninu.≡ segir í örnefnalýsingu. Klettarnir eru vestanmegin á nesinu, syðsti hluti höfðans á Lambhaga. Einn stakur klettur skagar út í vatnið sunnan við Djúpuvík og er allmikið hrun út í vatnið kringum hann. Engin refagildra sást á þessum stað.

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:029 tóft heygarður 64°08.555 N 21°06.299 V
ADjúpavík er víkin austan við Gildrukletta. Heygarður frá því fyrir aldamótin síðustu er á bakkanum ofan við Djúpuvík.≡ segir í örnefnalýsingu. Djúpavík er breið vík norðan við Gildrukletta utan í höfðanum á Lambhaga. Þar er brött brekka í bogamynduðum hvammi og er tóftin á lágum rana sem liggur eftir breiðum stalli ofarlega í brekkunni, allhátt yfir vatnsborðinu.

Brekkurnar upp af Djúpuvík eru grösugar miðað við það sem gerist á Lambhaga. Bakkinn og stalluronn sem tóftin er á er vaxinn grasi og lyngi.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:030 garðlag vörslugarður 64°08.178 N 21°06.349 V
ATorfgarður. Forn torfgarður, líklega til að girða af Lambhaga, liggur þvert yfir Lambhagann frá Þingvallavatni norðaustan Eiðisins sunnan við Einbúa að Ölfusvatnsvík. Garður þessi er nú mjög siginn í jörð og grasi gróinn og veitir engri skepnu viðnám. Hann er um 500 metra langur og hefur verið mikið mannvirki á sinni tíð.≡ segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur þvert yfir eiðið, rétt sunnan við Einbúa og nær alveg út á vatnsbakkann að vestan.

Garðurinn liggur um smápýfðan lyngmóa. Vesturhluti hans er nú innan skógræktargirðingar og hefur trjám verið plantað í þéttum röðum meðfram honum/í hlið hans sitthvoru megin. Að austan er breiður sandfláki meðfram Ölfusvatnsvík og hefur garðuinn legið út að vatninu þar en svæðið síðan blásið en nú eru þar mosapembur.

Frá vesturenda liggur garðurinn beinn í um 170 m, þétt undir rætur Einbúa. Þar er 90° horn á garðinum og steypist hann niður brekkuna til S, 17 m, en beygir svo aftur til A og má rekja hann 60 m frá því horni að vegarslóða og þaðan 25 m til A en fjarar síðan út í mosapembu (gömlu uppblásturssvæði) um 30 frá vatninu. Garðurinn er lægri og mjórri A við Einbúa en vestan.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:031 *Tóttarbakki* 4 tóftir

64°07.641 N 21°06.400 V

ATóttarbakki, norðan við ána (vestan við ána, sagði Sæmundur.)≅ segir í örnefnalýsingu. Heimildamenn kannast ekki við örnefnið en samkvæmt lorti sem fylgir örnefnaskrá er þetta greinilega sami staður og þar sem 4 tóftir eru skammt frá ánni, um 1200 m frá árósunum, við hlykk á ánni þar sem hún beygir til A, um 40 m A við vegarslóða sem liggur niður að Ölfusvatnsvík meðfram Ölfusvatnsá. Í stórbýfðu graslendi. Nýlega gróðursettar trjáplöntur eru í móanum kringum tóftirnar.

Nyrsta og austasta tóftin snýr þvísennæst N-S, hún er 10x5 m að utan en 8x2,5 að innan. Dyr eru á N-gafla og hugsanlega einnig á S-gafla, en hann er ógreinilegri og suðurhluta V-langveggjar vantar. 4 m vestan við hana er lítil tóft, 4x4 m að utan og 1x1 að innan. 17 m SA við hana og 22 m ASA við hina fyrri er þriðja tóftin, snýr A-V og er 4x3 að utan en 2x1 að innan og með dyr vestarlega á nyrðri langvegg. 27 m sunnan við þessa og 31 m sunnan við þá fyrstu er greinilegasta og mesta tóftin í þessari þyrpingu. Hún er 10x5 m að utan og hefur eitt lítið hólf (2x2 að innan) og dyr úr því til S inn í lengra hólf sem snýr A-V og gæti verið eldri tóft eða garðalag til aðhalds framan við litlu tóftina.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:032 *Höggorrustubakki* álagablettur

AHöggorrustubakki, fyrir sunnan á (fyrir austan á, segir Sæmundur). Hann var aldrei sleginn.≅ segir í örnefnalýsingu. Nánari heimildir um þennan stað er ekki að fá og verður hann því ekki nákvæmlega staðsettur, en samkvæmt korti sem fylgir örnefnaskránni hefur bakkinn verið austan við Ölfusvatnsá, gegnt bænum á Ölfusvatni eða heldur sunnar.

Heimild: Ö-ÖHK, 7

ÁR-475:033 áletrun

FRIDLÝSTAR MINJAR.

AJarðfastur grágrýtissteinn með áletruninni VES+1736 er í túninu suðaustan við gamla fjárhústóft, nærri hulinn jarðvegi.≅ segir í örnefnalýsingu Steinninn er aðeins norðar en beint vestur af heimreiðinni sem gengur þvert yfir bæjarhólinn. Hann er alveg í brekkurótum, um 3 m S við allmikla grjóthrúgu sem einnig er í brekkurótunum neðan við fjárhústóftina 041Í brekkurótum í túni. Steinninn er nær alveg hulinn sínu og mosa

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-ÖHK, 7; Fornleifaskrá, 77.

ÁR-475:034 *Skálamelur* gata leið

64°07.168 N 21°08.517 V

AÁ milli Ölfusvatns og Hagavíkur lágu tvær leiðir: Skálamelur og Geitastígur. Sunnan í Vestra-Ölfusvatni (eða Ölfusvatnsfjalli Ytra) eru Skálar og milli þeirra og Tjarnarkrika er hár melur, Skálamelur. Brík er að framan líka. Talað var um að Afara Skálamelur segir í örnefnalýsingu. Skálamelur er því sem næst gróðurlaus rani S úr Bæjarfjalli þar sem það dregt saman að sunnan milli Skála og Tjarnarkrika. Götur sjást í fjallshlíðinni að austan í stefnu frá Ölfusvatnsbænum, og hefur leiðin síðan legið yfir melinn og niður hann sunnan við Líkatjörn. Í fjallshlíð.

Heimild: Ö-ÖHK, aths+viðb, 3-4

ÁR-475:035 brunnur

ABrunnur var fyrir ofan Hremsta-Hengladal, gerður af manna höndum, ölkelda. Sterkt bragð, sóðabragð, var af vatninu. E.t.v. hefur verið meira um slíkt á Ölkelduhálsi áðir. Þetta hefur verið drukkið hér áður fyrr. Lækir voru rauðir þarna á hálsinum. segir í örnefnalýsingu. Af þessari lýsingu að dæma er óvíst hvort þessi brunnur er í landi Ölfusvatns og raunar sennilegra að hann sé annaðhvort í Hagavíkurlandi eða á afrétti Ölfushrepps. Ekki var gerð dauðaleit að honum er gengið var um svæðið 10.6.97

Heimild: Ö-ÖHK, aths+viðb, 3-4

ÁR-475:036 heimild vað

ABest vað á [Ölvesvatnsá] hygg eg undir Ölvesvatnstún, þá hún er mikil. segir í sóknarlýsingu frá 1839. Vað þetta er örugglega hið sama og farið var yfir að bænum allt þar til núverandi vegur var lagður vestan við ána 1989. Vaðið er beint niðrundan bænum, í sömu stefnu og heimreiðin í túninu. Að því liggur nú bíslóði beggja vegna.

Heimild: SSÁ, 179

ÁR-475:037 tóft 64°07.385 N 21°07.394 V

Um 15 m norðan við túngarð, NA frá bæjarhólnum, er tóft á mörkum vallendisins sem túnið er ræktað á og votlendisins norðan við (Bæjarmýri). Í grösugum, smápýfðum móa rétt utan túns og er blautlendara strax norðan við tóftina.

VNV frá tóftinni gengur óljós þúfnarani, sem gæti verið garðleifar en hugsanlega tilkominn vegna frostverkunar á mörkum mýrlendis og vallendis. Um 20 m vestan við tóftina er rimi þessi svo breiður að þar gæti verið önnur tóft, ámóta breið en öllu lengri. Riminn hefur áþekka stefnu og túngarðurinn, sem er um 20 m sunnar en hlykkjast meira. Af lögum að dæma gæti þessi tóft verið kvíar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:038


2 tóftir

64°07.374 N 21°07.737 V

Á tveimur stöðum nær túnið allhátt upp í hlíðina vestan við bæinn og er lítil klettakvos á milli. Efst í syðri túnskikanum, fast við túngarðinn, eru tvær tóftir. Þær eru um 20 m ofar og norðar ennýlegri rústir 040, en milli þeirra er gerðið 039 í brekkunni. Í túni, efst í brekku.

Nyrðri tóftin er 2 m innan við túngarðinn, 8x5 m að utanmáli há og greinileg, snýr, A-V, en að innan sést aðeins óljós hvompa og dyr eru ekki sýnilegar. Fyrir neðan SA hornið er óljós dæld, um 4x4 m að utan, sem gæti verið afhýsi eða eldri tóft. Hin tóftin er 12m sunnar og snýr þvert á túngarðinn og er byggð við hann. Hún er 10x4 m að utan en 8x2 að innan og hafa dyr sennilega verið á austurgafli þó hann sé nú óljós og hefur að hluta steypst niður brekkuna.

Hættumat: engin hætta




Hættumat: engin hætta

ÁR-475:039

Sunnanmegin í syðri túnskikanum sem

gengur upp í brekkuna ofan við bæinn (sbr. 038) er lítið ferkantað gerði og lítil bunga (rústahóll?) inni í því. Gerðið er í brekkunni milli 038 og 040. Í túni, í talsverðum halla.

Gerðið virðist byggt utaní túngarðinn þó hann sé nokkuð óljós þarna í brekkunni. Gæti verið sama og Utastagerði. Gæti einnig hafa verið kálgarður.



gerði

64°07.342 N21°

ÁR-475:040

hleðsla

64°07.329 N 21°07.788 V

Sunnarlega í túninu, í brekkurótum þar sem túngarðurinn kemur niður úr hlíðinni, eru unglagar leifar af sumarbústað. Þar eru 3 raðir af steypum stöplum og jánbitar á milli þeirra steyptir ofaná. Norðan við er veggur hlaðinn úr flötum hraunhellum. Vestan við hússtæðið er pallur inn í hlíðina. Í túnjaðri, í brekkurótum.

Í norðurhlið pallsins, beint niður af 039 hefur verið gert lítið sæti úr hellugrjóti. Pallurinn er um 10x5 m að stærð. Stöplarnir eru undan sumarbústað sem stóð á þessum stað um árabíl en þetta er skráð sem fornleif vegna hlaðna veggjarins sem hefur verið norðan við bústaðinn.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:041 tóft fjárhús
64°07.400 N 21°07.601 V

Í brekkunni vestan við N-enda bæjarhólsins er tóft, rétt ofan og norðan við stein með áletrun 033. Norðan við og samhliða þessari tóft er djúp dæld og norðan við hana aflöng upphækkun sem snýr upp í brekkuna eins og tóftin. Upphækkunin gæti verið leifar af annari byggingu. Efst í dældinni á milli er upphækkun eins og veggur eða garður sem lokar henni af og tengir saman tóft og upphækkun. Í allbrattri brekku, í túni.

Þetta hefur verið fjárhús að dæma af frásögninni af áletruninni þar sem segir að steinninn sé Aí túninu suðaustan við gamla fjárhústóft. Þessi staður kæmi saman við að geta verið Heimastagerði ef 039 er Utastagerði.

Tóftin er 4x2 að innanmáli og er opin í gaflendann sem snýr niður brekkuna (til A). Suðurlangveggurinn er heldur ógreinilegur. Í upphækkuninni norðan við er svolítill dæld, en heldur er hún óregluleg. Fjárhús þessi voru sauðahús og voru í notkun framyfir 1940 en voru rifin og að einhverju leyti jöfnuð við jörðu á árabílinu 1944-47.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:042 tóft
64°07.421 N 21°07.654 V

Fyrir ofan (V) bæjarhólinn gengur túnið upp í brekkuna og þar efst uppi við túngarðinn, um 10 m S við þar sem hann steypist niður brekkuna, er tóft undir túngarðinum.

Tóftin er hátt í brekku í túni. Ofan við túngarðinn er ber grjótmelur og lítið gróðurlaust gil milli hans og túnsins sem myndar allhátt gróið barð meðfram gilskorningnum. Litlar birkiplöntur hafa verið settar meðfram túngarðinum og ofan í tóftina. Tóftin er eins og sléttur pallur og virðist túngarðurinn, sem er lítilfjörlegur á þessum slóðum, liggja yfir hana. Hugsanlega hefur hrúnið af gaflvegg tóftarinnar niður í gilskorninginn vestan við. Að innan er tóftin 4x1,5 og virðast dyr hafa verið vestarlega á syðri langvegg.


Hættumat: hætta vegna trjáræktar

ÁR-475:043 garðlag túngarður 64°07.441 N 21°07.414 V
Á uppdrætti Guðmundar Ólafssonar frá 1989 er sýndur túngarður umhverfis heimatúnið á Ölfusvatni. Garðurinn nær raunar ekki allan hringinn, því í hann vantar fyrir nyrðri hluta austurhliðar, niðurundan bænum. Þar hefur verið vírgirðing og sést eilítill upphækkun þar sem efni hefur safnast undir hana, allt frá enda norðurhliðar upp á hólinn austast í Grímkelsgerði (Sbr. 044).

Garðurinn er bæði á jafnsléttu og uppi í hlíðinni vestan við bæinn. Hann er víðast um 1-2 m breiður og virðist hafa verið byggður úr torfi að mestu, en uppi í brekkunni suðvestantil er grjót í honum. Norðurhlið er 118 m löng að horni beint N við bæjarhólinn. Hún er bein austantil en hlykkjöttari vestantil á móts við bæjarhóslendann. Þar er hlykkur á garðinum til suðurs, þar sem reynt hefur verið að krækja fyrir Bæjarmýrina sem gengur þarna alllangt í suður. Í horninu sem myndast af þessum hlykk er garðhorn, 11+8 m langt, sem á móti túngarðinum myndar hólfið við hann. Samhliða vesturhluta norðurgarðsins er annar minni úti í mýrinni og gæti verið yngri girðingarundirstaða. Hún er þó um 1 m breið vestast (0,5 m austast) en aðeins um 0,3 m há. Eldri garðurinn er þarna mjög hlaupinn í þúfur, um 1,5 m þykkur og 0,5 m hár. Eins og getið var í 037 er óljós garður um 20 m sunnan við túngarðinn á kafla. Hnit er tekið á garðinum við hólfið norður af bæjarhólunum.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimild: GÓ Könnun á vegarstæði, 5.



ÁR-475:044 Stöðulhústóft
fjárhús

64°07.255 N 21°07.482 V

AÍ túninu á jörðinni
Ölfusvatni eru fjögur Agerði≡.

Grímskelsgerði, Stöðulgerði,
Utastagerði í hlíðinni nær
fjallinu og Heimastagerði. Ef
til vill eru þetta gömul
kornræktarlönd, segir

Sæmundur.≡ segir í
örnefnalýsingu. Stöðulgerði
er sennilega sami staður og
Stöðullinn: AStöðullinn er
fyrir sunnan túnið við
túnjaðarinn skammt frá
Grímkelsgerði.≡ Stöðullinn
er síðan án vafa það sama og
Stöðulhúsið sem enn sjást
rústir af á lágum en breiðum
hól SA við bæjarhólinn, A við

Grímkelsgerði [006] í túnjaðrinum. Enginn túngarður hefur verið fyrir þessum hluta túnsins en hann hefst á ný um 10 m S við þessa tóft og miðað við stefnu hans hefði tóftin verið rétt utan túns eða sambyggð garðinum. Í túnjaðri á breiðum en lágum hól. A við tóftina eru rof í gróinn melinn.

Tóftin er þrískipt og er minnsta hólfið fjárhúsið. Hleðslur í því standa allt að 5 umföllum, mun hærra en í hinum hólfunum. Þau voru notuð sem réttir en mjólkað var inni í fjárhúsinu sem var flórlagt.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-ÖHK, 2, 5; GÓ Könnun á vegarstæði, 5.

ÁR-475:045 tóft 64°07.292 N 21°07.524 V

Inni í Grímkelsgerði (006) er tóft. Hún er heldur norðar en fyrir miðju, norðar en lína milli 044 og Grímkelsleiðis.

Í túni. Að innanmáli er tóftin 8x1 m. Veggir hennar eru mjög þykkir og tóftin sjálf mjó, en utan með henni er kragi af stórþýfi sem virðist vera sprungnar hleðslur og tengjast tóftinni.


Hættumat: engin hætta



ÁR-475:046 vegur 64°07.208 N
21°07.711 V

Veggur Grímkelsgerðis 006 er þykkastur vestast, hjá Grímkelsleiði, en ekki er hægt að greina að hann snúi þaðan til austurs til að mynda suðurhlið gerðisins heldur virðist hann Arétta úr sér og halda áfram suður eftir túninu og útfyrir það allt að Ölfusvatnsá, skammt austan við fjárborgina 045. Veggur þessi er víðast 3-4 m þykkur og verður því að telja mannvirkið veg fremur en garð enda virðist hann geta verið á fornri leið frá ánni heim í túnið (að kirkjunni?). Vegur þessi er ekki alveg beinn og mjög sprunginn í þúfur. Um tún og þýfðan lyngmóa sunnan við það. Garðurinn er víða mjög hlaupinn í þúfur. Syðst eru 23 m meðfram Grímkelsleiði og er þar 20 m hliðargarður til V. Þá er 7 m bil og síðan 13 af veginum að öðrum hliðargarði, sem nær 13 m í A. frá honum eru 39 m að 8 m breiðu bili rétt innan við túngarðinn, en hann virðist þó liggja uppi á leifum af þessum vegi. Frá túngarðinum eru 38 m að malarveg sem hefur rofið hann á um 10 m kafla og þaðan eru svo 54 m að brún ofan við Ölfusvatnsá. Garðurinn sveigir heldur til V eftir því sem sunnar dregur.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar




64°07.210 N 21°07.710 V

ÁR-475:047 tóft fjárskýli
Árið 1989 kannaði Guðmundur Ólafsson
fornleifafraeðingur rústir á Ölfusvatni vegna

fyrirhugaðrar vegagerðar, en vegarstæðið átti að liggja yfir hól þar sem rústir voru taldar vera. Í lýsingu Guðmundar segir: Aí ljós kom að í stórþýfðum móa, um 300 m suðvestan við gamla bæjarstæðið, voru leifar af hringlaga fjárborg, sem lent hafði innan veglínunnar.


Tóftin rís um 1,5 m yfir þýfið umhverfis og er um 4,2 x 4,7 m breið að innanmáli. Veggirnir eru tæplega 1 m breiðir og um 0,3 - 0,4 m háir að innanverðu, en að utanverðu hallar þeim með nokkrum fláa niður á jafnsléttuna. Rof var í vegginn til vesturs. Í framhaldi af könnun Guðmundar varð samkomulag um að flytja vegarstæðið þannig að vegurinn lægi um 10 m vestan við rústina, en færi ekki í gegnum hana. Tóftin er 10 m S við veginn sem lagður var eftir að Guðmundur skoðaði staðinn, gegnt bugðu í Ölfusvatnsá, um 100 m S við túngarðinn, beint í S af bæjarhólnum.



Í kringum tóftina er þýfður lyngmói en rof frá Ölfusvatnsá nær upp að tóftinni að sunnan. Tóftin sjálf er vaxin grasi og mosa. Hún er hringlaga og eru veggir hennar þykkir, 1,5-2 m. Innan í henni er grunn dæld en mikið virðist hafa hrunið inn í tóftina. Há hundapúfa er á norðurhluta veggjarins en dyr virðast hafa verið að sunnan. Það mun vera þessi tóft sem Matthías Þórðarson taldi vera leifar af hofi Grímkels goða - Ö-ÖHK, 4.

Hættumat: engin hætta

Heimild: GÓ Könnun á vegarstæði.



ÁR-475:048

tóft

64°07.273 N 21°07.509 V

Um 1 m innan við túngarðinn, austast á Grímkelsgerði, um 25 m S við 045 er tvískipt tóft. Í túni. Tóftin snýr A-V. Hún er mjög hlaupin í stórar þúfur en er þó greinilega 2 hólf. Hið eystra er 4x2 að innan en hið vestara 3x3 og hefur það dyr til norðurs í gegnum langvegginn. Mögulegt er einnig að dyr hafi verið um vestari gaflendann úr sama hólf. Stórþýfi er vestan við gaflinn (sem er heldur óljós) og gæti þar verið framhald tóftarinnar eða eldri leifar. Gæti verið sama og stöðullinn.

Hættumat: engin hætta

ÁR-475:049 Ölkelduhálsrétt gerði rétt

64


Rétt er á Ölkelduhálsi, við hina syðri af 2 merktum gönguleiðum upp úr Þverárdal. Réttin er beint S af Tjarnarhnúki og V af Ölkelduhnúki, vestan í brekkunni, Ölfusvatnsmegin vatnaskilanna. Hún var

byggð 1908 þar sem talin voru mörk milli Ölfusvatns og Reykjatorfu. Réttin er á mosagrónu stórgrýtisholti og eru hverir all í kring, bæði fyrir ofan og neðan.

Réttin er hlaðin úr mjög stóru grjóti, og hefur því sumstaðar verið hrúgað frekar en hlaðið. Veggir eru um 1,5 m á þykkt og mest 23 umför þó víðast sé aðeins eitt. Aðalhólfid er 20x10 m að utanmáli, snýr A-V með dyr á V-gafl. úr því er innangengt í minna hálf áfast vesturhluta nyrðri langveggjar. Það er 8x7 m að utan. Áfast suðurenda

aðalhólfsins er annað minna, 7x6 m að utan og virðist ekki hafa verið dyr á því þó mögulega séu þær samsamlega hrundar saman að ekki sjáist til þeirra nein merki. Gróið er inni í minni hólfunum en í stóra hólfinu er ber hveramold í gólfinu. Réttin var byggð 1908 og var notuð til rúnings á vorin en allt að þrjár vorsmalanir voru gerðar í fjöllum á hverju vori.

Hættumat: engin hættu



5. Niðurstöður

Með þessari skýrslu er lokið 2. verkþætti fornleifakönnunar á Hengilssvæðinu og er áætlað að á grunni hans verði gerðar tillögur um kynningu minjastaða þar sem vettvangsathugun hefur farið fram. Hér verður því aðeins bent á helstu atriði sem varða rannsóknir og kynningu minjastaða í landi Nesjavalla og Ölfusvatns í framtíðinni.

Aðalniðurstöður vettvangskönnunar sumarið 1997 er að hátt hlutfall er af ósködduðum minjum á skráningarsvæðinu. Þó að Ölfusvatn hafi ekki lagst í eyði fyrr en 1947 þá hafði stórvirkum vinnuvélum aldrei verið beitt þar á tún eða tóftir. Fyrir vikið er túnið og umhverfi bæjarins ósnert af framræslu eða jarðabótum og bæjarstæðið sjálft alveg heilt. Það eru ekki mörg bæjarstæði þessu lík eftir á Íslandi og enn færri jafnnærri þjóðvegi og helsta þéttbýlissvæði landsins. Fyrir utan að vel hefur viljað til um varðveislu þessara minja þá eru á Ölfusvatni mikið af merkjum minjum sem menn hafa lengi veitt eftirtekt og hafa mikið gildi fyrir sögu lands og þjóðar.

Bæjarstæði Ölfusvatns er því nær einstakur minjastaður þar sem miklir möguleikar eru til rannsókna og kynningar. Óskaddaðar tóftir eru síðan víða í landi Ölfusvatns sem auka gildi staðarins sem minjasvæðis og henta vel til kynningar á gönguleiðum. Eins og stendur er túnið og bæjarhóllinn að fara á kaf í sinu og mosa og er nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Erfitt er fyrir óvana að átta sig á húsaskipan eða greina tóft frá þúfnaklasa en þessu má auðveldlega breyta með því að slá túnið og

tóftirnar og halda grasinu í rækt. Með því einu og með því að setja upp skilti með skýringum og korti af bæjarstæðinu mætti gera Ölfusvatn að spennandi og fræðandi viðkomustað. Til að auka enn á gildi staðarins væri nauðsynlegt að moka uppúr tóftum sem enn standa og laga hleðslur sem byrjaðar eru að hrynja. Það eru tóftir bæjarins, Hofhúsið og Stöðulhúsið sem þetta myndi eiga við um.

Aðrir staðir þar sem setja ætti upp upplýsingar um minjar eru:

Í Ölfusvatnslandi:

Gamlasel - upplýsingar um Ölfusvatn á Sturlungaöld og hefnd eftir Snorra Sturluson, en einn veganda hans var handhöggvinn við þetta sel. Einnig um Álagahól þar nærri.

Nýjasel - upplýsingar um seljabúskap og breytingar á gróðurfari í nágrenni selsins en mikill uppblástur hefur verið á þessu svæði frá því að selið lagðist af um miðja 19. öld.

Ölkelduhálsrétt - upplýsingar um göngur og réttir í Henglafjöllum

Í Nesjavallalandi:

Dyr/Sporhella - upplýsingar um Dyraveg og samgöngur til forna

Elsta bæjarstæði Nesjavalla - upplýsingar um sögu Nesjavallabýlisins

Gamlistekkur - upplýsingar um fráfærur og nýtingu úthaga

Tóftir í Botnadal - upplýsingar um jarðnæðisskort og búskap öreiga á 19. öld

Minjastaðir sem þarf að merkja með einföldu skilti eru:

Í Ölfusvatnslandi

Vörslugarður á Lambhagaheiði

Tóftir á Tóftabakka

Beitarhúsatóftir í Ytri-Kapladal

Beitarhúsatóftir í Efri Álftalaut

Tóftir í Fremri Álftalaut

Í Nesjavallalandi

Bæjarstæði Nesjavalla

Lambhús í Nesjavallatúni

Beitarhús í Eystri Gjá

Þjófahellir

Um marga af þessum stöðum eins og t.d. tóftir á Tóftabakka og í Álftalautum er nær engar

upplýsingar að hafa. Úr því mætti bæta með uppgreftri sem ekki þyrfti að vera umfangsmikill til að svara helstu spurningum um aldur og hlutverk viðkomandi minja. Lagt er til að stefnt verði að því að gera áætlun um rannsóknir á svæðinu.

Ef ákveðið verður að ganga frá bæjarstæði Ölfusvatns til kynningar er eðlilegt að einnig verði sett saman áætlun um rannsóknir við bæinn en þær myndu skila auknum upplýsingum sem ykju á gildi staðarins, auk þess sem fornleifauppgröftur getur verið aðdráttarafli í sjálfu sér. Eðlilegt væri að þungamiðja rannsókna væri á bæjarstæði Ölfusvatn en að í tengslum við þær yrðu gerðar minniháttar athuganir á fleiri stöðum á svæðinu.

Eins og fram hefur komið eru tiltölulega fáir staðir á skráningarsvæðinu í hættu. Naust frá Ölfusvatni á bakka Þingvallavatns er óðum að hverfa vegna ölduróts frá vatninu og er hæpið að hægt sé að bjarga þeirri tóft úr þessu. Rof er í veggjum Nýjasels sem þarf að stöðva. Grafningsvegur hefur að hluta til farið yfir tóftir í Ytri-Kapladal og er ein tóftin þar óðum að fyllast af mól og aur sem hrynur úr vegarkantinum. Grafningsvegur liggur einnig í gegnum tóftaþyrpingu þá sem nú stendur á elsta bæjarstæði Nesjavalla. Vegurinn hefur enn ekki skemmt þessar skýru og fallegu tóftir en þeim er voðinn vís ef og þegar minnstu vegabætur verða gerðar á þessum stað. Verði gerðar áætlanir um að bæta veginn er mikilvægt að tekið sé fullt tillit til rústanna, helst að vegarstæðið verði fært frá þeim.

Á nokkrum stöðum hafa tré verið gróðursett í eða nálægt tóftum. Trjárætur sprengja hleðslur, aflaga tóftir og gera uppgröft erfiðan eða ómögulegan auk þess sem mikill gróður á rústum hylur þær sjónum þannig að erfiðara verður að finna þær og skoða. Það er því nauðsynlegt að græðlingar verði fjarlægðir á eftirtöldum stöðum:

*Af túngarði uppi í brekkunni beint vestur af Ölfusvatnsbænum.

*Frá tóftum á Tóftabakka við Ölfusvatnsá þannig að a.m.k. 20 m séu frá tóftunum að næstu trjám.

*Af hinum mikla vörslugarði sem liggur þvert yfir Lambhagaeiði. Garðurinn er mikið og einstakt mannvirki og væri alvarlegt slys ef hann hyrfi sjónum og aflagaðist eingöngu vegna þess að hann hefur þótt hentugt skjól fyrir græðlinga. Sama gildir með garðinn eins og tóftirnar á Tóftabakka að 20 m þurfa að vera á milli fornleifar og næstu

trjáa.

Allmikil trjárækt er nú hafin í landi Nesjavalla og Ölfusvatns og mun hún í framtíðinni breyta mjög ásýnd landsins. Mikilvægt er að hugað verði að því að gróðursetningin sé í samræmi við fyrirhugaða kynningu menningarminja, þannig t.d. að innfluttar trjátegundir séu ekki ræktaðar í kringum minjastaði.

Heimildaskrá

Heimildamenn:

Egill Guðmundsson bóndi í Króki f. 13.5.1921

Gubjörg Guðsteinsdóttir húsfreyja á Nesjavöllum f. 20.5.1909

Jóna Málfríður Sigurðardóttir, Reykjavík f. 12.4.1931 (uppeldisdóttir Sæmundar

Gíslasonar á Ölfusvatni)

Sigurður Hannesson bóndi á Villingavatni f. 1.6.1926

Ritaðar heimildir:

Brynjúlfur Jónsson (1899a): 'Rannsókn sögustaða í Grafningi í maímán. 1898.' *Árbók hins*

íslenska fornleifafélags 1899: 1-5.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 1853-1976.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv. 1983.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Rv 1990.

Guðmundur Ólafsson: *Könnun á vegarstæði í landi Ölfusvatns. Rannsókn 20. nóvember*

1989, Rv. 1989.

ÍF: *Íslenzk fornrit*, Rv 1933-.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

KK: Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island I-II*, Kbh 1877-82.

SB: *Sunnlenskar byggðir III*, Selfoss 1983.

Sigurður Vigfússon (1881): 'Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr.' *Árbók 1880-1881*: 8-52.

SSÁ *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*, Rv. 1979.

Sturl: *Sturlunga saga*, Rv. 1988.

Ö-Nesjavellir a: Örnefnaskrá Nesjavalla. Guðmundur Jóhannsson skráði 1949 eftir skrá Sigurðar Jónssonar. Örnefnastofnun.

Ö-Nesjavellir b: Örnefnaskrá Nesjavalla. Jóhann Hannesson skráði 1970. Örnefnastofnun.

Ö-Nesjavellir aths. og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Nesjavalla eftir Guðmann Ólafsson 1982. Örnefnastofnun.

Ö-Ölfusvatn: Örnefnaskrá Ölfusvatns. Guðmann Ólafsson skráði 1982. Örnefnastofnun.

Ö-ÖHK: Örnefnaskrá Ölfusvatns, Hagavíkur og Króks. Sveinn Benediktsson skráði eftir Sæmundi Gíslasyni 1967. Örnefnastofnun.

Ö-ÖHK aths. og viðb. (a+v): Athugasemdir og viðbætur við Ö-ÖHK skráðar eftir Guðmanni Ólafssyni 1982. Örnefnastofnun.